

bridge

Norður

Á4

Q753

85

ÁK742

Vestur

Q875

K986

Đ1943

10

Austur

Đ932

Đ10

762

9653

Suður

K106

Á42

ÁK99

Đ98

Suður spilar

6 lauf og fær út

tigulfjarka.

2006



Evrópumótið fór fram í 48. sinn í Varsjá í Póllandi dagana 12.-26. ágúst. Ítalar unnu opna flokkinn í 7. sinn í röð, Írar hlutu silfrið og Norðmenn bronsið, en íslenska liðið endaði í 7. sæti og rétt missti af þátttökurétti á HM í Kína 2007. Frakkar unnu kvennaflokkinn, en íslenska liðið varð neðst. Í öldunga-flokki sigruðu Þjóðverjar.

Opni flokkurinn

Mótið þróaðist á mjög svipaðan hátt og í Málmei fyrir tveimur árum - ítalska mulningsvélin bruddi undir sig hverja þjóðina á fætur annarri og hafði tryggt sér sigur þegar þremur umferðum var ólokið, en hin raunverulega keppni stóð um HM-sætin fimm, sem á eftir komu. Í tölflunni hér að neðan kemur fram röð sveitanna, heildarstig (A), stig að jafnaði í leik (B) og árangur Íslands gegn viðkomandi þjóð (C).

	A.	B.	C.
1. Ítalía	661	20.09	19
2. Írland	594	18.00	18
3. Noregur	590	17.88	22
4. Svíþjóð	582	17.63	15
5. Holland	581	17.59	11
6. Pólland	579	17.53	14
7. Ísland	572	17.31	
8. Frakkland	554.5	16.77	10
9. Ungverjaland	537	16.22	14
10. England	534	16.13	17
11. Þýskaland	533	16.09	18
12. Búlgaría	527	15.91	9
13. Tyrkland	527	15.91	9
14. Ísrael	511.5	15.42	22
15. Danmörk	509	15.34	16
16. Spánn	504	15.19	9
17. Skotland	492	14.81	15
18. Rússland	491	14.78	14
19. Króatía	461	13.84	25
20. Finnland	460	13.81	18
21. Belgía	452.5	13.58	25
22. Hvíta Rússland	452	13.56	25
23. Serbía	450	13.50	19
24. Grikkland	445.5	13.36	21
25. Eistland	443	13.28	5
26. Sviss	434	13.00	12
27. Wales	433	12.97	14
28. Portúgal	428	12.81	23
29. Lettland	424	12.69	14
30. Rúmenía	396	11.81	23
31. Lúxemborg	390	11.63	22
32. Lítháen	376	11.19	10
33. San Marino	272	11.06	25
34. Yfirseta			18



Lorenzo Lauria - stígahesti spilara heims og elstur liðsmanna hinnar nýbláu sveitar, sextugur að aldri. Lauria er maður tveggja tíma, vann sinn fyrsta EM titil 1979 í liði með Belladonna og Garozzo. Næsti EM-titill kom 1995, en Ítalar hafa unnið öll mót síðan þá - hið sjöuna í röð nú í Varsjá.

Myndir í greininni: Ela Wojciechowska

Ítalar skoruðu 661 stig eða 20.09 að meðaltali úr leik. Íslenska liðið fékk 572 stig, sem gerir 17.31 að jafnaði, en Þóðverjar, sem náðu 6. sætinu, hlutu 17.53 að meðaltali og það dugði þeim til þátttöku á HM í Kína næsta haust. Ísland varð í 11. sæti í Málmei 2004 með 16.27 stig að meðaltali, en þá var sigurskor Ítala 19.97.

Liðin og árangur paranna

Norberto **Bocchi** og Giorgio **Duboin** hafa verið í ítalska landsliðinu frá því að sigurgangan hófst 1995. Þeir stóðu sig best í fjölsveitinni í Varsjá, skoruðu 0.95 *impa* að meðaltali í spili. Lorenzo **Lauria** og Alfredo **Versace** hafa sleppt einu móti frá 1995. Þeir skoruðu nú 0.64 *impa* í spili og urðu í 5. sæti fjölsveitarinnar. Claudio **Nunes** og Fulvio **Fantoni** komu inn í liðið 2004. Þeir urðu í öðru sæti í fjölsveitinni með 0.91 *impa* að jafnaði. Fyrirliði Ítala var sem jafnan fyrr Maria Teresa **Lavazza** og þjálfari Massimo **Ortensi**.

Í liði Íslands spiluðu: **Jón** Baldursson, **Þorlákur** Jónsson, **Bjarni** Hólmar Einarsson, **Sigurbjörn** Haraldsson, **Magnús** Eiður Magnússon og **Matthías** Þorvaldsson. Fyrirliðinn og þjálfari var **Björn** Eysteinnsson. Íslensku þörin stóðu sig öll vel, Bjarni og Sigurbjörn skoruðu 0.46 *impa* að jafnaði, Jón og Þorlákur 0.44 *impa*, og Matthías og Magnús 0.29.

Að sögn Björns fyrirliða er íslenska liðið fyrsta varasveit í heiminum og á sem slík góða möguleika að komast á HM í Kína, þrátt fyrir allt. En það mál skýrist þó ekki strax.



Björn Eysteinnsson.

Kvennaflokkurinn

Í kvennaflokki kepptu 22 þjóðir og unnu þær frönsku tiltölulega nauman sigur með 398 stig (18.95 að jafnaði úr leik). Hollensku konurnar voru ekki langt undan með 391 stig og Englendingar hlutu bronsið með 384 stig. Á HM í Kína komast auk þriggja efstu: Þýskaland (378), Danmörk (350) og Króatía (346). Franska liðið var þannig skipað: **Gaviard**, **Cronier**, **Fishpool**, **D'Ovidio**, **Pigeaud** og **Willard**.

Íslenska liðið var í 22. og neðsta sæti með 210 stig (10.00 að meðaltali úr leik). Liðið var þannig skipað: **Arngunnur** Jónsdóttir, **Guðrún** Jóhannesdóttir, **Hrafnhildur** Skúladóttir, **Soffía** Danielsdóttir, **Þórunna** Pálsdóttir og **Ragna** Briem. Fyrirliði var **Kristján** Blöndal.

DAGBÓK FRÁ EM

Keppendur opna flokksins lögðu að baki 660 spil á hálfum mánuði - 33 umferðir af 20 spila leikjum. Á næstu blaðsíðum verid stiklað á stóru spilunum, stundum með áherslu á leiki Íslands, en stundum ekki. Og oft er lesandinn settur í spor keppenda áður en öll gjöfin er afhjúpuð. Umræðunni er kaflaskipt eftir umferðunum 33, þar sem úrslit úr íslensku leikjunum koma fram.

1. Ísland-Búlgaría 9-21 IMPar 24-54

ÞAÐ vekur óneitanlega furðu þegar góð pör stansa í bót og alslemma stendur í tveimur litum. Þar kom við sögu vinsæl opnun á 2G til að sýna láglitina, en minna en hefðbundinn opunarstyrk:

(1)	NORÐUR		
	♠ Á7542		
	♥ D	V/Allir	
	♦ D1042		
	♣ 1076		
VESTUR		AUSTUR	
♠ -		♠ 1063	
♥ 92		♥ ÁKG1063	
♦ ÁG873		♦ 9	
♣ KG9842		♣ Á53	
	SUÐUR		
	♠ KDG98		
	♥ 8754		
	♦ K65		
	♣ D		

Holland / Írland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bakkeren	Garvey	Bertens	Caroll
2 G	Pass	3 ♣	Pass
Pass	Pass		

Það eð lykildrottningarnar skila sér blankar vinnast bæði 7♣ og 7♥, en það er auðvitað of mikið á spilin lagt. Hálf-slemma í laufi er hins vegar gullfalleg, en náðist aðeins á 4 borðum af 32. Lauria og Versace fengu smá hjálp frá andstöðunni:

Ítalía / Eistland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Oja	Lauria	Kask
Pass	Pass	1 ♥	1 ♠
2 ♣	2 ♥ *	4 ♥	Pass
Pass	4 ♠	5 ♣	Pass
6 ♣	Allir pass		

Í leik Íslands og Búlgaríu dobluðu Magnús og Matthías 5♣ (-1150), en hinum megin spiluðu Bjarni og Bessi 5♥, slétt unnin.

Þú ert í annarri hendi, á hættu gegn utan hættu, og fyrsti maður vekur á 3♦:

♠ D95 ♥ ÁDG84 ♦ 92 ♣ Á62

Finnst þér ástæða til að koma inn á og þá hvernig - með dobli eða þremur hjörtum?

Hindranir eru óneitanlega pirrandi, en þetta ekki full rýrt í roðinu til að leggja til atlögu á þessum hættum? Um það voru deildar meiningar í verki:

(2)	NORÐUR		
	♠ 7632		
	♥ K10952	A/NS	
	♦ ÁD10		
	♣ 8		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁKG4		♠ 108	
♥ 6		♥ 73	
♦ 3		♦ KG87654	
♣ KDG10743		♣ 95	
	SUÐUR		
	♠ D95		
	♥ ÁDG84		
	♦ 92		
	♣ Á62		

Holland / Írland

Vestur	Norður	Austur	Suður
McGann	Westra	Hanlon	Ramondt
-	-	3 ♦	3 ♥
5 ♣	5 ♥	Pass	Pass
Dobl	Allir pass		

Tveir niður. Ramondt var síður en svo einn um að koma inn á 3♥, en meirihlutinn sagði þó pass og vestur lauk sögnum með stökki í 5♣, sem fóru auðvitað einn niður.

2. Ísland-Írland 18-12 IMPar 48-35

“Áskorun eða betra” er það kallað þegar makker meldar ofan í innákomulit mót-herja. Í sjálfu sér skýrt þegar aðeins er um geim að tefla, en vandinn vex þegar slemma er inni í myndinni.

Þú opnar á 1♥ með ...

♠ - ♥ G8654 ♦ ÁG987 ♣ ÁK10

... næsti kemur inn á 1♠ og makker meldar 2♠ - stuðningur við hjartað og að minnsta kosti áskorun í geim.

Hvað viltu segja og hvernig sérðu fyrir þér framhaldið?

(3)	NORÐUR		
	♠ K865		
	♥ KD72	A/Allir	
	♦ K		
	♣ D765		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁDG942		♠ 1073	
♥ Á103		♥ 9	
♦ 3		♦ D106542	
♣ G32		♣ 984	
	SUÐUR		
	♠ -		
	♥ G8654		
	♦ ÁG987		
	♣ ÁK10		

Frakkland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nyström	Cronier	Bertheau	Chemla
-	-	Pass	1 ♥
1 ♠	2 ♠	Pass	3 ♦
Pass	4 ♥	Pass	4 ♠
Pass	5 ♦	Pass	6 ♥
Pass	Pass	Pass	

Slemman er ekki borðleggjandi, en nógu góð til að rétt sé að melda hana. Þó var það aðeins gert á 8 borðum af 32. Þar sem slemman fór forgörðum gerðist annað tveggja: norður stökk beint í 4♥ við 1♠, eða suður þreifði ekkert fyrir sér við kröfu makkers. Frakkarnir Chemla og Cronier leysa spilið vel - Chemla melder hliðarlitinn og heldur svo áfram við 4♥. En það má velta fyrir sér hvort stökk Croniers í 4♥ sýni rífligan styrk í geim, eða rétt nóg til að taka áskorun við 3♦. Ber honum að segja 3♥ með 9-11 punkta, eða má hann hoppa í geim út á gott fitt? Þetta skiptir máli.



Frakkinn Paul Chemla.

Þú ert með þessi spil í norður ...

♠ 9754 ♥ KG92 ♦ ÁD84 ♣ 7

... á hættu gegn utan hættu. Vestur vekur á 3♦, þú passar, næsti passar og makker doblar.

Hvað viltu gera?



Philippe Cronier.

Geim á hættunni, jafnvel slemma, eða örugg tala í dobluðum bót - hvað er nú best? Philippe Cronier treysti því að Sviinn ungi, Frederik Nyström, ætti góðan sjólit fyrir hindruninni. En þar skjátlaðist honum hráparlega:

(4)	NORÐUR		
	♠ 9754		V/NS
	♥ KG92		
	♦ ÁD84		
	♣ 7		
VESTUR		AUSTUR	
♠ -		♠ ÁG1082	
♥ D853		♥ 76	
♦ G97632		♦ K	
♣ G63		♣ KD842	
	SUÐUR		
	♠ KD63		
	♥ Á104		
	♦ 105		
	♣ Á1095		

Frakkland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nyström	Cronier	Bertheau	Chemla
3 ♦	Pass	Pass	Dobl
Pass	4 ♦	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Frakkarnir gátu tekið 3♦ fjóra niður og uppskorið 800-kall, en í staðinn fór Chemla 1100 niður í 4♠. Útspilið var tígull og Chemla svínaði að sjálfsögðu drottningunni. Bertheau fékk á kónginn blankan og skipti yfir í spaðagosa. Chemla stakk upp kóng og legan kom í ljós. Laufás og laufstunga kom næst, en síðan reyndi Chemla að skapa sér auka innkomu heima með því að svína hjartatú. Ekki gekk það; Nyström drap og spilaði tígli, sem Bertheau trompaði, lagði niður spaðaás og trompaði aftur út. Fjórir niður!

Í leik Íslands og Írlands passaði vestur í byrjun (nema hvað!) og austur vakti á 1♠. Fyrir vikið enduðu NS í 3G, sem er ágætt geim. Írinn fór þó niður eftir útspil í hjarta með því að svína ♦D fyrir níunda slagnum. Þorákur fékk hins vegar út tígul, sem hann gat hleypt á tíuna. Hann fékk þannig slag á ♦D og fann svo ♥D.

Þú spilar 6♠.

NORÐUR
♠ D108
♥ Á53
♦ KD8
♣ G1032

ÞÚ
♠ ÁK943
♥ KDG106
♦ Á6
♣ 9

Vestur passaði í byrjun, norður opnaði á 1♣ og austur stökk í 3♦, utan hættu. Síðan keyrðir þú slemmu. Vestur tekur á ♣Á í byrjun og spilar meira laufi á kóng austurs. Þú trompar og leggur niður ♠Á - báðir með.

Hvert er framhaldið?

Talandi um léttar hindranir, þá átti Norðmaðurinn Tor Helness ekki mikið fyrir stökki sínu í 3♦ frekar en hinn sænski nágrenni hans:

(5)	NORÐUR		
	♠ D108		V/NS
	♥ Á53		
	♦ KD8		
	♣ G1032		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G652		♠ 7	
♥ 82		♥ 974	
♦ 42		♦ G109753	
♣ ÁD854		♣ K76	
	SUÐUR		
	♠ ÁK943		
	♥ KDG106		
	♦ Á6		
	♣ 9		

Rússland / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Helgemo	Khokhlov	Helness	Matushko
Pass	1 ♣	3 ♦	3 ♠
Pass	3 G	Pass	6 ♥
Pass	6 ♠	Allir pass	

En Rússinn Matushko treysti því að einhver skipting væri í spilunum og svínaði spaðatúnni! Hann var ekki einn um að vinna slemmuna, en aðrir heppnir sagnhafar fengu hagstæðara útspil.

3. Ísland-Tyrkland 16-14 IMPar 34-27

NORÐUR
♠ ÁG10863
♥ 5
♦ ÁG92
♣ Á10

ÞÚ
♠ 52
♥ ÁK3
♦ 4
♣ KD97643

Þú spilar 6♣.

Makker opnaði á 1♠ og austur stökk í 3♦, þú sagðir 4♣ og síðan lá leiðin í slemmu. Vestur kemur út með ♦3 - sem er mjög líklegt einspil.

Hvernig er áætlunin?

(6)	NORÐUR		
	♠ ÁG10863		N/NS
	♥ 5		
	♦ ÁG92		
	♣ Á10		
VESTUR		AUSTUR	
♠ K94		♠ D7	
♥ G98742		♥ D106	
♦ 3		♦ KD108765	
♣ G85		♣ 2	
	SUÐUR		
	♠ 52		
	♥ ÁK3		
	♦ 4		
	♣ KD97643		

Frakkland / Búlgaría

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bompis	Petkov	Saine Marie	Marashev
-	1 ♠	3 ♦	4 ♣
Pass	4 ♦	Pass	4 ♥
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♦	Pass	6 ♣
Pass	Pass	Pass	

Það virðist eðlilegt að stinga hjarta í blindum og reyna svo að þjösnastr heim til að taka trompin. En það gengur ekki, því austur kemst inn til að spila tígli og uppfæra slag á laufgosa. Förum yfir það: Drepið á ♦Á, ♥Á og hjarta stungið, trompás tekinn, ♠Á og spaða spilað, en austur lendir inni á ♠D og spilar tígli.

Búlgarinn Marashev sá þessa hættu fyrir og ákvað að gera frekar út á spaðann. Hann lét hjartastunguna eiga sig og tók strax þrisvar tromp. Spilaði svo spaða með þeirri áætlun að tvísvína. En Bompis var á tánum og rauk upp með spaðakónginn. Glæsileg vörn, en Marashev átti þó síðasta orðið - hann dúkkaði, stakk næst upp ásnum og felldi drottninguna aðra í austur!

Tyrkir töpuðu 6♣ á móti Jóni og Þorláki, en hinum megin stönsuðu Magnús og Matthías í 4♠, sem unnust slétt.

NORÐUR
♠ 763
♥ ÁG75
♦ G64
♣ 1092

ÞÚ
♠ K82
♥ KD4
♦ ÁK832
♣ ÁD

Þú spilar 3G.

Sagnir voru einfaldar, opnun á 2G í suður, Stayman-leit og 3G í kjölfarið. Útspilið er smátt lauf upp á gosa og drottningu þína. Þú leggur niður ♦Á, tían frá vestri og fimman frá austri.

Hvert verður framhaldið?

(7)	NORÐUR		
	♠ 763		
	♥ ÁG75	A/Enginn	
	♦ G64		
	♣ 1092		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ ÁD104	♠ G95	
	♥ 632	♥ 1098	
	♦ 10	♦ D975	
	♣ K7543	♣ G86	
	SUÐUR		
	♠ K82		
	♥ KD4		
	♦ ÁK832		
	♣ ÁD		

3G voru spilað á öllum borðunum 32, unnust 15 sinnum, en föru 17 sinnum niður. Á tveimur borðum kom út spaði, annars var útspilið lauf.

Hættan er augljóslega sú að austur komist inn á tígulinn og spili spaða í gegnum kónginn. Með tilliti til þess kaus Ungverjinn Winkler að taka ekki á hátígul fyrst, heldur fór inn í borð á ♥G og spilaði tígli á áttuna. Þannig er sagnhafi í góðum málum í 3-2 legunni. En þeir sem tóku fyrst á ♦Á stóðu frammi fyrir öðru vandamáli - hvort þeir ættu að reyna að verjast 4-1 legunni með því að spila litlum tígli á gosann, eða fara inn í borð og spila tígli á áttuna (til að ráða til dæmis við ♦109 tvíspil í vestur). Ekkert gengur og vörnin á alltaf að hafa vinninginn ef austur skiptir yfir í ♠G eða níu þegar hann kemst inn á tígul, en það láðist sem sagt að gera á 13 borðum. (Nema einhver hugmyndaþingur sagnhafi hafi strax spilað ♦G úr borði, en þá fær hann þrjá tíglslagi án þess að hleypra vörninni að og fjóra á hjarta úr því að liturinn fellur 3-3.)

4. Ísland-Portúgal 23-7 IMPar 54-13

ÞÚ ERT í norður, í annarri hendi með níu punkta og 5-4 í hálitunum:

♠ Á10832 ♥ KD93 ♦ 432 ♣ 6

Mótherjarnir eru á hættu, en þú utan, og fyrsti maður vekur á 2♦, veikum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦	Pass	3 ♦	Pass
Pass	?		

Viltu berjast?

(8)	NORÐUR		
	♠ Á10832		
	♥ KD93	V/AV	
	♦ 432		
	♣ 6		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ 96	♠ KG54	
	♥ 84	♥ G10	
	♦ ÁKD76	♦ G85	
	♣ 10972	♣ KD43	
	SUÐUR		
	♠ D7		
	♥ Á7652		
	♦ 109		
	♣ ÁG85		

Spánn / Tyrkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Knap	Sen	Bordallo	Gur
2 ♦	Pass	3 ♦	Pass
Pass	Pass		

Það er alls ekki hættulaust að dubla til úttekta, því makker gæti tekið upp á því að melda lauf, og innákoma á 3♠ er full einhliða. Svo það er ósanngjarnt að gagnrýna uppgjöf Tyrkjans Sen í verndarstöðunni. Það má taka 3♦ tvo niður með tveimur laufstungum, en ein stungan fór forgörðum og Spánverjarnir Knap og Bordallo voru ánægðir með sinn hlut, að gefa út 100-kall þegar 4♥ standa á borðinu í NS. En þeir voru hissa í samanburðinum:

Spánn / Tyrkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Eksioglu	Wasik	Sohtorik	Wichmann
Pass	Pass	Pass	Pass

5. Ísland-Rússland 14-16 IMPar 47-54

FYRSTI sýningarleikur Íslands á *Swangames.com*. Eftir fremur rölega byrjun lenda Rússarnir í hræðilegum misskilningi:

(9)	NORÐUR		
	♠ G7		
	♥ Á1043	A/AV	
	♦ 1082		
	♣ K765		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ 109	♠ 8642	
	♥ D2	♥ KG95	
	♦ ÁDG965	♦ 743	
	♣ 932	♣ D4	
	SUÐUR		
	♠ ÁKD53		
	♥ 876		
	♦ K		
	♣ ÁG108		

Ísland / Rússland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Krasn.	Jón	Rekunov	Þorlákur
-	-	Pass	1 ♣ *
2 ♣ **	Dobl	Pass	Pass
PASS			

Innákoma Krasnosselskis á tveimur laufum yfir sterkri laufopnun Þorláks sýndi *annað hvort* tígul eða hálitina, en framhaldið var greinilega ekki rætt í þaula, því Rekunov áleit pass sitt við "spiladobli" Jóns vera hlutlaust, en Krasnosselski taldi sér trú um að það sýndi lauf og passaði hugrakkur.

Vörnin var miskunnarlaus: Jón kom út með ♠G og skipti yfir í tromp þegar hann hélt slag. Eftir þrjár umferðir af laufi komu fjórir slagir á spaða og Jón henti þremur tíglum, fékk stungu í tígli og hjartaás: 6 niður og 1700.

Rússanir lentu líka í slysi á hinu borðinu - föru í 5♠ í slemmuleit, einn niður - en það breytti litlu í samhenginu og Ísland vann 18 IMPa.

Skömmu síðar svöruðu Rússar fyrir sig:

(10)	NORÐUR		
	♠ Á63		
	♥ Á	S/Allir	
	♦ Á963		
	♣ K10875		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ KD74	♠ G98	
	♥ 109643	♥ D872	
	♦ D10	♦ K875	
	♣ Á4	♣ 63	
	SUÐUR		
	♠ 1052		
	♥ KG5		
	♦ G42		
	♣ DG92		

Ísland / Rússland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bessi	Khokhlov	Bjarni	Matushko
-	-	-	Pass
1 ♥	2 ♣	3 ♥	3 G
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Vörnin fór vel af stað þegar Sigurbjörn hitti á að spila út ♠K. Sagnhafi dúkkaði og Bjarni reyndi sitt besta til að kalla með áttunni (lág köll). En áttan var óþægilega hátt spil og Sigurbjörn var hræddur um að sagnhafi ætti gosann og skipti yfir í hjarta. Bjarni vísaði nú frá með annarri áttu(!), og þegar sagnhafi spilaði laufi á drottningu, fylgdi Bjarni með sexu - herra spilinu - í von um að makker skildi það sem spaðakall. Sigurbjörn varð að drepa laufdrottningu (austur gat átt Gxx) og var því ekki í aðstöðu til að túlka laufsexuna. Hann skipti nú yfir í ♦D og þá var sagnhafi kominn með níunda slaginn - Matushko drap og spilaði tígli á gosann: 750 og 12 IMPar til Rússa, en hinum megin spilaði Jón 3♣ og vann slétt.

6. Ísland-Noregur 22-8 IMPar 69-33

LEIKUR Íslands og Noregs var sýndur beint á *Swangames.com* og reyndist vera hið mesta augnakonfekt - bæði voru spilin villt og spilararnir hugmyndaðir. Tor Helness reið á vaðið með “ofursnjöllu” útspili gegn 6♥ Jóns og Þorláks. Helness átti í norður:

♠ Á10985 ♥ Á106 ♦ G4 ♣ 753

Þorlákur opnaði í austur á sterku laufi og eftir margar umferðir af *Icerelay* spurningum og svörum hafði Jón sýnt skiptinguna 4-5-2-2 og tvö kontról, en ekkert var vitað um spil opnara nema hvað hann var til í 6♥.

Hvert væri útspil lesandans?



Tor Helness.

(11)	NORÐUR		
	♠ Á10985		A/AV
	♥ Á106		
	♦ G4		
	♣ 753		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ KDG6	♠ 7	
	♥ DG954	♥ K73	
	♦ K3	♦ ÁD1085	
	♣ D9	♣ ÁKG10	
	SUÐUR		
	♠ 432		
	♥ 82		
	♦ 9762		
	♣ 8642		

Ísland / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Helness	Þorlákur	Helgemo
-	-	1 ♣	Pass
1 ♠	Pass	1 G	Pass
2 ♠	Pass	2 G	Pass
3 ♣	Pass	3 ♦	Pass
3 ♥	Pass	4 ♦	Pass
4 ♠	Pass	6 ♥	Allir pass

Jón sýnir hjartalit með 1♠, síðan 4-5 í hálitunum (2♠) og 2-2 í láglitunum (3♣). Þorlákur spyr næst um *kontról* og fær upp tvö, en 4♦ Þorláks er milt slemmutilboð, sem Jón tekur með 4♠ og neitar um leið hjarta-*kontróli*.

Þorlákur var greinilega að vonast eftir spaðaánsnum hjá makker og einhverju þessu líku:

♠ Áxxx ♥ DG10xx ♦ xx ♣ Dx

En Helness sá ekki hvernig Þorlákur gæti stokkið í slemmu nema vera með spaðaeyðu. Og í þeim tvíþætta tilgangi að veikja tromp blinds og rugla Jón í ríminu, spilaði Helness út *spadatiu*, undan ánsnum! Slemman vannst því.

Í næsta spili átti Jón út gegn 4♥ með ...

♠ K92 ♥ DG3 ♦ Á1096 ♣ ÁG5

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Helness	Þorlákur	Helgemo
-	-	-	1 ♥
Dobl	3 G *	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Opnun Helgemos er eðlileg, en gæti verið fjórlitur, og stökk Helness í 3G sýnir slemmuáhuga á hjarta án stuttlitlar.

Hvar myndi lesandinn koma út?

Vestur er illa endaspilaður strax í fyrsta slag og Jón gerði sér grein fyrir því. Það virðist illskást að spila út spaða í von um drottninguna hjá makker, en það útspil gefur samninginn í fyrsta höggi:

(12)	NORÐUR		
	♠ Á8		S/Allir
	♥ K8542		
	♦ K872		
	♣ D8		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ K92	♠ G764	
	♥ DG3	♥ 6	
	♦ Á1096	♦ G53	
	♣ ÁG5	♣ 109763	
	SUÐUR		
	♠ D1053		
	♥ Á1097		
	♦ D4		
	♣ K42		

Ekki er laufásinn betur heppnaður, en fljótt á lituð virðist í lagi að spila út ♦Á og meiri tígli. Svo er þó ekki. Sagnhafi sækir þá strax laufásinn og hreinsar upp laufið og tígulinn, samhliða því að taka ÁK í hjarta. Sendir svo vestur inn á þriðja hjartað til að spila frá spaðakóng.

Hér er því fátt til varnar, en Jón valdi eina litinn sem alls ekki virtist koma til greina, eða tromp - hann spilaði út *hjärtadrottningu!*

Helgemo veit vel að Jón er til alls vís, en á þessu átti hann ekki von. Hann drap á kóng í borði og spilaði að Á10, líklega með því hugarfari að svína. En honum brá í brún þegar Þorlákur henti í slaginn. Nú var hins vegar of seint að byggja upp innkast á vestur og geimið lak einn niður.

Á hinu borðinu var Matthías sagnhafi í 4♥ í *norður* og fékk út spaða frá gosanum. Hann hitti á að láta tíuna, sem dugði til vinnings með því að stinga tvo tígla í borði. Svo virðist sem geimið tapist í norður með öðru útspili, en með nákvæmri tímasetningu getur sagnhafi hreinsað upp láglitina og sent vestur inn á þriðja trompið til að spila frá ♠K.

(13)	NORÐUR		
	♠ 42		
	♥ 96		A/Allir
	♦ Á97		
	♣ KDG753		
	VESTUR	AUSTUR	
	♠ ÁK1065	♠ 8	
	♥ K	♥ G107542	
	♦ G106543	♦ KD	
	♣ 2	♣ Á1096	
	SUÐUR		
	♠ DG973		
	♥ ÁD83		
	♦ 82		
	♣ 84		

Ísland / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Helness	Þorlákur	Helgemo
-	-	1 ♥	1 ♠
Pass	2 ♣	Pass	Pass
Dobl	Pass	Pass	Pass

Þegar blindur kom upp leit út fyrir að 2♣ ynnust auðveldlega, jafnvel þótt austur ætti tvo slagi á tromp. En þetta var ekki góður dagur fyrir Helness. Þorlákur kom út með ♦K og fékk að eiga slaginn. Hann skipti yfir í hjarta og Helness svínaði. Jón átti þann slag og spilaði tígli. Helness drap og reyndi að trompa tígul, en Þorlákur stakk frá með níu og lét Jón trompa ♥Á með ♣2. Síðan komu ♠ÁK og þriðji spaðinn og tromptían uppfærðist í slag: 800-kall.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Brogeland	Matthías	Sælensm.	Magnús
-	-	2 ♥	Pass
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Dobl	Pass	Pass	Pass

Á hinu borðinu vakti Erik Sælensminde á veikum tveimur og þá var erfitt fyrir M&M að forðast gröndin þrjú: 1100 til Norðmanna.

(14)	NORÐUR		
	♠ 32		
	♥ 75	S/NS	
	♦ K97		
	♣ ÁDG953		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G98		♠ KD10765	
♥ G10863		♥ 94	
♦ G542		♦ Á8	
♣ K		♣ 862	
	SUÐUR		
	♠ Á4		
	♥ ÁKD2		
	♦ D1063		
	♣ 1074		

Þorlákur og Erik Sælensminde eru bekkjarbræður úr Svartaskóla:

Ísland / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón Helness		Þorlákur	Helgemo
-	-	-	1 G
Pass	3 G	Dobl	Pass
Pass	Redobl	Pass	4 ♦
Pass	5 ♣	Allir pass	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Brogeland	Matthias	Sælensm.	Magnús
-	-	-	1 G
Pass	3 G	Dobl	Pass
Pass	Redobl	Allir pass	



Erik Sælensminde.

Þeir dobluðu báðir 3G á austurspilin - Þorlákur til að heimta spaða út, en Erik til að biðja um útspil í styttri hálit. Þorlákur slapp með skrekkin frá sínum göldum þegar Helgemo flúði eftir vafaredobl Helness, en Erik fékk að blæða þegar Magnús passaði redoblið, enda með báða hálti stoppaða. Magnús fékk 10 slagi og 1400 fyrir spilið.

Þú ert fjórði í röðinni með fágæt spil:

♠ Á109753 ♥ - ♦ ÁKD7652 ♣ -

Fyrsti passar, makker opnar á 3♥, og næsti passar.

Hver er sögnin?

(15)	NORÐUR		
	♠ G42		
	♥ Á973	S/AV	
	♦ 93		
	♣ ÁG95		
VESTUR		AUSTUR	
♠ D8		♠ Á109753	
♥ KDG10852		♥ -	
♦ 10		♦ ÁKD7652	
♣ 1083		♣ -	
	SUÐUR		
	♠ K6		
	♥ 64		
	♦ G84		
	♣ KD7642		

Ísland / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón Helness		Þorlákur	Helgemo
-	-	-	Pass
3 ♥	Pass	6 ♦	Allir pass

Þorlákur sá enga vísindalega leið til að melda spilið og stökk í 6♦. Það var vel heppnað: tígullinn brotnaði 3-2 og spaðinn lá þægilega.

Sagnir tóku allt aðra stefnu á hinu borðinu þegar Magnús vakti á 3♣ með suðurspilin:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Brogeland	Matthias	Sælensm.	Magnús
-	-	-	3 ♣
Pass	5 ♣	5 G	Pass
6 ♥	Pass	6 ♠	Allir pass

Matthías hélt hindrunarhlaupinu áfram og Sælensminde þurfti að segja í fyrsta sinn við 5♣. Hann valdi að sýna tvo liti með 5G og endaði fyrir vikið í 6♠. Sú slemma vinnst með því að spila spaða að drottningunni, en Erik fór aðra leið, sem ekki var eins árangursrik. Hann trompaði laufútspilið, tók ♦Á og stakk tígul með áttunni. Hleypti svo ♠D. Magnús átti þann slag á ♠K og síðan fékk Matthias annan á ♠G. Einn niður og 16 IMPar til Íslands.

7. Ísland-Skotland 15-15 IMPar 41-39

ÞÚ ERT í suður, á hættu gegn utan hættu, og passar í annarri hendi með þessa 10 punkta:

♠ 2 ♥ Á862 ♦ D10765 ♣ Á52

Sagnir taka svo eftirfarandi stefnu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	Pass
1 G	Pass	2 ♣	Pass
2 ♠	Pass	Pass	?

Grandið er 12-15 og 2♣ Stayman.

Viltu blanda þér í málið?

(16)	NORÐUR		
	♠ 10853		
	♥ D754	A/NS	
	♦ ÁG9		
	♣ K3		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁDG7		♠ K964	
♥ 10		♥ KG93	
♦ K832		♦ 4	
♣ DG84		♣ 10976	
	SUÐUR		
	♠ 2		
	♥ Á862		
	♦ D10765		
	♣ Á52		

Ítalía / Danmörk

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Nielsen	Fantoni	Schou
-	-	Pass	Pass
1 G	Pass	2 ♣	Pass
2 ♠	Pass	Pass	Dobl
Pass	3 ♥	Dobl	Allir pass

Þeir félagar Nunes og Fantoni vekja á grandni með ólíklegustu spil - hiklaust með fimm-spila hálit og greinilega líka með einspil, ef þeim sýnist svo. En Steen Schou vildi ekki gefast upp við 2♠ og makker hans fékk það verkefni að spila 3♥ dobluð.

Út kom einspilið í tígli og Nielsen taldi sig vera í nokkuð góðum málum, enda bjóst hann við trompinu 3-2 eftir grandopnun Nunes í byrjun. Hann tók slaginn í borði og spilaði litlu hjarta á drottninguna heima. Fantoni átti slaginn og spilaði hjartagosa um hæl. Nielsen drap með ás og var dæmdur maður þegar legan kom í ljós. Hann svínaði í tígli, en Fantoni trompaði með ♥3, tók á ♥9 og skipti yfir í spaða: tveir niður.

8. Ísland-Holland 11-19 IMPar 31-50

BJARNI og Bessi hafa um nokkurt skeið talað fjálglega um kosti þess að vera með tvær útgáfur af veikum tveimur - *veika tvo og veikari tvo*.



Simon De Wijs.



Berry Westra.

Þeir vekja sem sagt á *multi 2♦* með sex-spila hálit og góða 8 punkta upp í slæma 11, en nota opnanir á *2♥* og *2♠* undir veikari hendur, oft með fimmlit. Ekki eru allir tilbúnir til að fallast á slíkt brúðl, en því er ekki að neita að aðferðin gafst vel gegn Hollendingum, þegar Sigurbjörn gat opnað á *2♦* með spil þar sem aðrir byrjuðu á *1♠*:

(17)	NORÐUR		
	♠ ÁG9642		
	♥ D72	V/Allir	
	♦ DG4		
	♣ G		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 1087		♠ KD	
♥ G		♥ K1094	
♦ K6532		♦ 108	
♣ Á1053		♣ D8764	
	SUÐUR		
	♠ 53		
	♥ Á8653		
	♦ Á97		
	♣ K92		

Ísland / Holland

Vestur	Norður	Austur	Suður
De Wijs	Bessi	Muller	Bjarni
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Allir pass	

Hærra mátti ekki fara í þessari legu, því Bessi fékk nákvæmlega átta slagi. Hinum megin vakti Westra á *1♠*:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Westra	Þorlákur	Ramondt
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♠	Pass	3 ♠
Pass	Pass	Pass	

Það er í rauninni vel af sér vikið hjá Ramondt að gefa makker grið með *3♠*, en það var of hátt farið samt. Þorlákur spilaði út laufi frá drottningunni, sem Westra hleypti á gosa. Jón tók með ás og skipti yfir í *♥G*. Westra drap með ás, og henti hjarta niður í *♣K*. En hann valdi svo að svína tvisvar í spaða, svo Þorlákur fékk þar tvo slagi. Með einum á hjarta og öðrum á tígul, dugði það vörninni í fimm slagi.

Geim var spilað á flestum borðum, annað hvort *4♥* eða *4♠*, 2-4 niður.

NORÐUR
♠ KDG7
♥ KD
♦ 7
♣ KG10654

ÞÚ
♠ 9542
♥ Á1086
♦ K942
♣ Á

Vestur opnar á *2♣*: veikir tveir í tígli eða sterkt. Norður segir *3♣* og þú lýkur sögnum með *3G*. Útspilið er *♦D*, sem austur tekur með ás og spilar tígli áfram. Þú dúkkar, vestur tekur með áttu og spilar *♦G*, en austur hendir hjarta.

Hvernig viltu nú spila?

Fyrst þarf að ákveða hverju eigi að henda úr borði í tvo tígla. Hollendingurinn De Wijs henti tveimur laufum og treysti á spaðaásinn í austur:

(18)	NORÐUR		V/Allir
	♠ KDG7		ÁTTUM SNÚID
	♥ KD		
	♦ 7		
	♣ KG10654		
VESTUR		AUSTUR	
♠ Á3		♠ 1086	
♥ 2		♥ G97543	
♦ DG10853		♦ Á6	
♣ 9832		♣ D7	
	SUÐUR		
	♠ 9542		
	♥ Á1086		
	♦ K942		
	♣ Á		

Það gekk ekki, vestur komst inn á *♠Á* og tók tígulslagana: tveir niður.

Nefið á Þorláci sagði honum hins vegar að spaðaásinn væri í vestur - kom þar tvennt til, opnunin á hættunni og ákafi vesturs að sækja tígulinn áfram. Þorlákur henti því tveimur spöðum úr borði og spilaði upp á að *♣D* félli önnur. Uppskeran var 9 slagir og 13 IMPar.

(19)	NORÐUR		S/Allir
	♠ KG3		ÁTTUM SNÚID
	♥ 9653		
	♦ D10		
	♣ 10985		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 54		♠ D1062	
♥ G1072		♥ 8	
♦ G763		♦ Á942	
♣ Á43		♣ DG72	
	SUÐUR		
	♠ Á987		
	♥ ÁKD4		
	♦ K85		
	♣ K6		

Suður varð sagnhafi í *3G* á báðum borðum.

Hvernig myndi lesandinn spila með litlu hjarta út?

Bessi kom út með *♥G* gegn De Wijs. Sagnhafi drap og svínaði strax *♠G*. Bjarni átti slaginn, skipti yfir í smátt lauf og De Wijs stakk upp kóng. Þar með var þeirri baráttu lokið með sigri varnarinnar.

Á hinu borðinu kom Westa út með hjartatvist. Jón stakk upp níunni og tók alla hjartaslagana. Ramondt í austur átti erfitt með afköst, en kaus að henda fyrst einum spaða, síðan tveimur tígum. Jón las stöðuna vel, spilaði tígli á tíuna og ásinn. Ramondt reyndi lítið lauf, en Jón hleypti því á tíuna og það kostaði ásinn. Þar með voru níu slagir í húsi og sá tíundi kom þegar Westa spilaði nú spaða og gerði Jón kleift að byggja þar upp slag.

Bauke Muller stóð sig vel í næsta spili:



Bauke Muller.

(20)	NORÐUR		S/Allir
	♠ 108632		ÁTTUM SNÚID
	♥ 5		
	♦ ÁK82		
	♣ 854		
VESTUR		AUSTUR	
♠ D95		♠ G4	
♥ DG102		♥ K763	
♦ D1095		♦ 64	
♣ 73		♣ KDG92	
	SUÐUR		
	♠ ÁK7		
	♥ Á984		
	♦ G73		
	♣ Á106		

Eftir yfirfærslu varð Muller sagnhafi í *4♠* og fékk út *♥D* frá Bjarna. Muller drap, tók *♦ÁK* og spilaði þriðja tíglinum á drottningu Bjarna, en Bessi kallaði í laufi. Bjarni skipti yfir í lauf og Muller tók með ás og trompaði hjarta. Tók svo *♠ÁK* og trompaði aftur hjarta. Hann stakk síðan fjórða tígulinn með *♠7* og tryggði sér tíunda slaginn á *♠10* með því að trompa fjórða hjartað. Náði þannig í sex slagi á tromp. Bjarni þarf að spila fjórða tíglinum strax til að ná spilinu niður, en það er erfitt.

Á hinu borðinu fékk Þorlákur út lauf og átti þá aldrei raunhæfa vinningsvon.

Pú átt í vestur:

♠ D74 ♥ ÁD9752 ♦ K9 ♣ 109

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♦
1 ♥	Dobl	2 ♥	3 G
Pass	Pass	Pass	

Hvert er útspilið?



Vincent Ramondt.

(21)	NORÐUR	
	♠ Á1085	
	♥ G	S/Enginn
	♦ G103	
	♣ 87542	
VESTUR		AUSTUR
♠ D74		♠ G963
♥ ÁD9752		♥ 1084
♦ K9		♦ 87
♣ 109		♣ KDG6
	SUÐUR	
	♠ K2	
	♥ K63	
	♦ ÁD6542	
	♣ Á3	

Ísland / Holland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Westra	Þorlákur	Ramondt
-	-	-	1 ♦
1 ♥	Pass	2 ♥	3 G
Pass	Pass	Pass	

Jón spilaði út litlu hjarta og gosinn í blindum átti slaginn. Jón komst inn á ♦K í næsta slag, en hjartakóngurinn valdaði litinn og Ramondt fékk níu slagi. Alfredo Versace var einn um að finna hið banvæna útspil gegn 3G - hjartaásinn.

Bjarni og Bessi slepptu geiminu á hinu borðinu:

Ísland / Holland

Vestur	Norður	Austur	Suður
De Wijs	Bessi	Muller	Bjarni
-	-	-	1 ♦
1 ♠ *	Pass	2 ♥	3 ♦
Pass	4 ♦	Allir pass	

Innákoma De Wijs á 1 ♠ sýnir hjartalit, en að öðru leyti eru sagnir eðlilegar. Bjarni fékk tíu slagi.

9. Ísland-Lux. 22-8 IMPar 57-25

STERKAR grandhendur geta verið erfiðar viðfangs í eðlilegum kerfum. Þú tekur upp 23 punkta og vekur á 2♣, alkröfu:

♠ ÁD8 ♥ ÁK ♦ K97 ♣ ÁK742

Næsti kemur inn á 3♦, sem tekur töluvert rannsóknarrými. Nú veltur framhaldið á kerfinu - hvað pass, dobl og litarsögn hjá makker sýnir. Ýmsir nota dobl sem "afmeldingu" (0-5 punkta) og passa með jafna skiptingu og minnst 6 punkta. Melda með 6+ punkta og 5-lit+. En þú ert að spila við Lorenzo Lauria og hann segir 3♥, sem er yfirfærsla í spaða! (Dobl væri þá væntanlega yfirfærsla í hjarta). Alla vega ...

... hvað viltu segja?

(22)	NORÐUR	
	♠ KG952	
	♥ 1072	A/NS
	♦ G8	
	♣ D106	
VESTUR		AUSTUR
♠ 6		♠ 10743
♥ D986		♥ G543
♦ ÁD10543		♦ 62
♣ G9		♣ 853
	SUÐUR	
	♠ ÁD8	
	♥ ÁK	
	♦ K97	
	♣ ÁK742	

Ítalía / Búlgaría

Vestur	Norður	Austur	Suður
Stefanov	Lauria	Aronov	Versace
-	-	Pass	2 ♣
3 ♦	3 ♥	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Það vinnast bæði 6G og 6♠ í suður, en einungis 6 pör af 32 í opna flokknum náðu slemmu. Lauria og Versace voru ekki í þeim hópi, en það voru Jón og Þorlákur:

Ísland / Lúxemborg

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bausback	Þorlákur	Lofgren	Jón
-	-	Pass	1 ♣
3 ♦	Dobl	Pass	6 G
Pass	Pass	Pass	

Laufopnunin er sterk og dobl Þorláks sýnir lífsmark, 6+ punkta. Jón mat það svo að þetta væri ekki rétti tíminn til vísindaiðkana og stökk í líklegustu slemmuna.

Það reyndist vel heppnað.

10. Ísland-Spánn 9-21 IMPar 69-38

NORÐUR

♠ ÁD974
♥ ÁK96
♦ G54
♣ 6

Þú spilar 5♦ í suður.

Útspil: ♠6.

Sagnir eru raktar fyrir neðan, en opnun austurs á 3G er hindrun í láglit og stökk vesturs í 5♣ leitandi sögn.

ÞÚ

♠ KG53
♥ G5
♦ ÁD9732
♣ 7

Finnland / Búlgaría

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nyberg	Aranov	Koistinen	Stefanov
-	-	3 G *	Pass
5 ♣	Dobl	Pass	5 ♦
Pass	Pass	Pass	

Hvernig er áætlunin?



Julian Stefanov.

Spaðasexan ber öll merki þess að vera ein á ferð og því er stunga yfirvofandi:

(23)	NORÐUR	
	♠ ÁD974	
	♥ ÁK96	A/Enginn
	♦ G54	ATTUM SNÚID
	♣ 6	
VESTUR		AUSTUR
♠ 6		♠ 1082
♥ D10732		♥ 84
♦ K86		♦ 10
♣ D985		♣ ÁKG10432
	SUÐUR	
	♠ KG53	
	♥ G5	
	♦ ÁD9732	
	♣ 7	

Búlgarinn Julian Stefanov fann svar við hæfi. Hann lagði niður ♦Á, spilaði svo ♥ÁK og níu og henti laufi heima. Skar þannig á sambandið við austur, svo stungan gat aldrei komið.

Þetta er rökrétt spilamennska, því vestur hefði síður reynt að sækja stunguna með kónginn annan í tígli.

11. Ísland-Frakkland 10-20 IMPPar 29-55

Það er alltaf erfitt að fórna yfir slemmu með tvo ása, en Þorlákur og Frakkinn Herve Mouiel settu báðir traust sitt á mótherjana og höfðu rétt fyrir sér:

(24) **NORÐUR**
 ♠ KD986432
 ♥ ÁD5 N/Enginn
 ♦ 106
 ♣ -

VESTUR
 ♠ 5
 ♥ 1097643
 ♦ 74
 ♣ K632

AUSTUR
 ♠ 7
 ♥ G
 ♦ ÁD53
 ♣ ÁDG10984

SUÐUR
 ♠ ÁG10
 ♥ K82
 ♦ KG982
 ♣ 75

Ísland / Frakkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Cronier	Þorlákur	Chemla
-	1 ♠	2 ♣	2 ♦
4 ♣	4 ♠	5 ♣	5 ♠
Pass	6 ♣ *	7 ♣	Dobl
Pass	Pass	Pass	

Eftir 6♣ norðurs veit Þorlákur að slagur fæst ekki á lauf, en auðvitað er hugsanlegt að makker sé með einspil í tígl. Þorlákur sá hins vegar að fórnin var ódýr og skellti sér í 7♣.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Levy	Matthías	Mouiel	Magnús
-	1 ♠	2 ♣	3 ♣ *
5 ♣	6 ♠	7 ♣	Pass
Pass	Dobl	Allir pass	

Mouiel sló því föstu að slagur fengist ekki á laufás og fórnaði líka. Gjaldið var 500 fyrir þrjá niður.

Makker opnar á Standard-laufi og þitt er að svara með þessi spil:

♠ 1086 ♥ ÁG3 ♦ 983 ♣ G654

Og hvert er svo svarið?



Herve Mouiel.



Alan Levy.

(25) **NORÐUR**
 ♠ K953
 ♥ 10982 V/Allir
 ♦ KG6
 ♣ 83

VESTUR
 ♠ G7
 ♥ 64
 ♦ ÁD105
 ♣ ÁK1072

AUSTUR
 ♠ 1086
 ♥ ÁG3
 ♦ 983
 ♣ G654

SUÐUR
 ♠ ÁD42
 ♥ KD75
 ♦ 742
 ♣ D9

Ísland / Frakkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Levy	Matthías	Mouiel	Magnús
1 ♣	Pass	1 ♦	Dobl
3 ♦	Pass	4 ♣	Pass
4 ♦	Allir pass		

Furðulegur misskilningur hjá þessum reyndu köppum. Mörg Standard-pör segja tígul við laufopnun með 5-7 punkta, en spara grandíð undir góða 8-10. Mouiel er á þeirri línu, en Levy greinilega ekki. Fjórir tíglar enduðu fjóra niður og það er dýrt á hættunni.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Cronier	Þorlákur	Chemla
1 ♦	Pass	1 ♥	Pass
2 ♣	Allir pass		

NS eiga búið í hálit, en það er erfitt fyrir Chemla að berjast eftir "eðlilegt" hjartasvar Þorláks. Jón fékk 8 slagi og þetta litla spil gaf Íslandi því 10 stig.

Nú ertu í sporum Matthíasar í vestur og átt að spila út gegn 4♥ með:

♠ G9 ♥ D43 ♦ KG972 ♣ G52

Ísland / Frakkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Mouiel	Magnús	Levy
-	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Hver er útspilið?

Það er lauf eða tígull og Matthías valdi tígulinn á þeirri forsendu að þar þyrfti makker minna að eiga.

BLINDUR

♠ ÁD108652
 ♥ 7
 ♦ Á83
 ♣ K3

Þú

♠ G9
 ♥ D43
 ♦ KG972
 ♣ G52

Sem sagt - ♦2 út, lítið úr borði, tian frá makker og drottning hjá sagnhafa. Síðan kemur ♥Á-K og tía og makker fylgir með ♥2-8-9. Þú ert inni á ♥D og ...

... gerir hvað?

Hjartafylgjur makkers benda til að hann eigi styrk í laufi (eða sé sofandi), en liggur nokkuð á? Er ekki forgangsatriði að ráðast á tígulásinn í borði, áður en spaðinn fríast - því varla færi suður að stökkva í fjögur hjörtu með ♠Kx.

Einhvern veginn á þessum nótum hefur Matthías hugsað þegar hann valdi að spila ♦K:

(26) **NORÐUR**
 ♠ ÁD108652
 ♥ 7 N/Allir
 ♦ Á83 ÁTTUM SNÚÐ
 ♣ K3

VESTUR
 ♠ G9
 ♥ D43
 ♦ KG972
 ♣ G52

AUSTUR
 ♠ 74
 ♥ 982
 ♦ 1065
 ♣ ÁD986

SUÐUR
 ♠ K3
 ♥ ÁKG1065
 ♦ D4
 ♣ 1074

Þannig fór um sjóferð þá. Levy tók á ♦Á og lagði upp. Bæði lauf út í upphafi og lauf inni á trompdömu dugir til að bana þessu afleita geimi.

Jón og Þorlákur sýndu meiri metað með því að keyra í 6♠, sem Þorlákur spilaði í norður. Chemla kom út með ♣Á og skipti yfir í tígul - drottning, kóngur og ás. Nú má vinna slemmuna með því að trompa út hjartadrottningu og treysta á spaðann 2-2, en Þorlákur er prósentu-spilari og tók því trompin og svínaði í hjarta - einn niður.

12. Ísland-Sviss 12-18 IMPar 40-54

Á HÆTTU gegn utan vekur makker á 1♠ og næsti maður stingur inn 2♥. Þitt er að svara með þessi spil:

♠ Á107 ♥ 97 ♦ 8653 ♣ ÁG92

Á að undirmelda eða yfirmelda - segja 2♠ ellegar gefa áskorun í geim með 3♥ (eða hugsanlega 2G, ef sú sögn er til í kerfinu sem "mixed raise")?

Meirihlutinn valdi að undirmelda og þá féllu sagnir yfirleitt niður í 2♠:

(27) NORÐUR
♠ Á107
♥ 97 A/NS
♦ 8653
♣ ÁG92

VESTUR AUSTUR
♠ D83 ♠ 94
♥ K108542 ♥ D3
♦ ÁK ♥ DG1072
♣ 106 ♣ 8753

SUÐUR
♠ KG652
♥ ÁG6
♦ 94
♣ KD4

Pólverjinn Tuszynski harkaði þó af sér og bauð upp á geim með 2G:

Pólland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Efrainsson	Tuszynski	Morath	Kowalski
-	-	Pass	1 ♠
2 ♥	2 G	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Kowalski fann trompdömunu og vann 4♠, en spilið féll í spaðabút í leik Íslands og Sviss. Geimið er auðvitað ekki sjálfsagt, en ef norður myndi melda 2♠ með ♠Áxx og ekkert annað verður hann að gera meira á þessi spil. Það er frekar hlutverk suðurs að fara gætilega í stöðunni.

13. Ísland-Grikkland 21-9 IMPar 58-31

ÞÚ TEKUR upp 20 punkta marflata hönd og mótherji til hægri vekur á 3♣.

♠ ÁKD ♥ ÁDG9 ♦ Á96 ♣ 932

Þú doblar, auðvitað, en vandinn kemur í næsta hring:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	3 ♣	Dobl
Pass	3 ♦	Pass	?

Hvað nú?

(28) NORÐUR
♠ 10952
♥ 742 A/Enginn
♦ KD732
♣ 10

VESTUR AUSTUR
♠ 863 ♠ G74
♥ K10863 ♥ 5
♦ G8 ♦ 1054
♣ G84 ♣ ÁKD765

SUÐUR
♠ ÁKD
♥ ÁDG9
♦ Á96
♣ 932

Ísland / Grikkland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bjarni	Koukouselis	Bessi	Zozis
-	-	3 ♣	Dobl
Psas	3 ♦	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥	Allir pass	

Grikkinn Zozis sagði 3♥, sem makker hans hækkaði í fjögur. Ágæt niðurstaða miðað við hendur NS, en hjartalegan er slæm. Bjarni kom út í laufi og Bessi sendi tromp um hæl í öðrum slag. Zozis svínaði drottningunni og Bjarni drap. Nú verður að vestur að trompa aftur út, en Bjarna leist ekki á að spila upp í gaffalinn og skipti yfir í tígulgosa. Zozis trompaði þá laufin tvö í borði og prófaði svo hjartaás. Þegar legan kom í ljós var ekki um annað að ræða en taka fríslagina á spaða og tígul - í þeirri röð. Bjarni varð að trompa þriðja tígulinn og spila hjarta frá 108 upp í G9.

Glæsilegt hjá Grikkjanum, en Jón og Þorlákur hittu á að spila 4♠ á hinu borðinu sem unnust auðveldlega.

14. Ísland-Ísrael 22-8 IMPar 83-49

ÞAÐ ER enginn á hættu og þú ert fjórði maður að taka til máls með þessi spil:

♠ ÁK5 ♥ ÁK985 ♦ ÁD862 ♣ -

Tveir fyrstu passa, en síðan opnar hægri skrattinn á 3♠.

Hvað viltu segja?

Þrjú grönd og 4♥ koma til greina, jafnvel 4♠. En kannski er skást að dobla, þótt það bjóði vissulega þeirri hættu heim að makker meldi 4-5 lauf.

En allt í lagi - segjum að þú veljir að dobla og makker er svo vænn að svara því með 4♥.

Hver er nú áætlunin?

(29) NORÐUR
♠ G98632
♥ 2 S/Enginn
♦ 7
♣ K9652

VESTUR AUSTUR
♠ 1074 ♠ ÁK5
♥ D10643 ♥ ÁK985
♦ KG ♦ ÁD862
♣ 1084 ♣ -

SUÐUR
♠ D
♥ G7
♦ 109543
♣ ÁDG73

Sjö hjörtu er falleg alslemma, en náðist aðeins á 4 borðum af 32. Magnús og Matthías voru í þeim útvalda hópi:

Ísland / Ísrael

Vestur	Norður	Austur	Suður
Magnús	Pachtmann	Matthías	Grinberg
-	-	-	Pass
Pass	3 ♠	Dobl	Pass
4 ♥	Pass	4 G	Pass
5 ♣	Pass	5 ♦	Pass
6 ♦	Pass	7 ♥	Allir pass

Fjögur grönd er spurning um lykilsplil og Magnús neitar slíku með 5♣, en þegar Matthías spyr um trompdrottningu næst, játar Magnús henni og sýnir ♦K um leið. Draumasögn fyrir Matthías.

Hinum megin vakti Jón á Wilkosz 2♦, sem sýnir minnst 5-5 í hálit og láglit:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Fohrer	Jón	Birman	Þorlákur
-	-	-	Pass
Pass	2 ♦	Dobl	5 ♣
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Einn niður og 16 stig til Íslands.

Norðmennirnir Brogeland og Sælensminde náðu líka 7♥ gegn Ítölum:

Ítalía / Noregur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Brogeland	Fantoni	Sælensm.	Nunes
-	-	-	Pass
Pass	2 ♠	4 ♦	Pass
4 ♠	Dobl	Redobl	Pass
5 ♥	Pass	6 ♣	Pass
6 ♦	Pass	7 ♥	Allir pass

Stökk Sælensminde í 4♦ sýndi rauðu litina og Brogeland sá að það litla sem hann átti var gull og bauð upp á slemmu með 4♠.

Hitt borðið:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Helness	Lauria	Helgemo
-	-	-	Pass
Pass	Pass	1 ♥	1 G
3 ♦	5 ♣	5 ♦	Pass
5 ♥	Allir pass		

15. Ísland-Króatía 25-3 IMPar 77-17

UTAN hættu gegn á hættu opnar makker í fyrstu hendi á fjórum hjörtum. Þú átt góð spil á móti ...

♠ D1042 ♥ 3 ♦ Á7 ♣ ÁKDG62

... en er þetta nóg í slemmu?

Slemma er góð ef makker á þéttan hjartalit og fyrirstöðu í spaða, en hversu líklegt er það nú á þessum lauslátu tímum?

(30) NORDUR
♠ D1042
♥ 3 S/AV
♦ Á7
♣ ÁKDG62

VESTUR AUSTUR
♠ G965 ♠ ÁK87
♥ G2 ♥ 1094
♦ KG52 ♦ D864
♣ 754 ♣ 98

SUDUR
♠ 3
♥ ÁKD8765
♦ 1093
♣ 103

Slemma náðist aðeins á einu borði í opna flokknum og kvennaflokknum samanlagt - á einu borði af 53!

Luxemborg / Sviss

Vestur	Norður	Austur	Suður
Massop	Hein	Zivkovic	Helling
-	-	-	4 ♥
Pass	4 G	Pass	5 ♠
Pass	6 ♥	Allir pass	

Hér treystir norður því að makker eigi sáemileg spil fyrir opnun sinni og spyr einfaldlega um lykilspil. Auðvitað er á þessu heppnisbragur, en hin áleitna spurning hlýtur að vera þessi: borgar sig að opna á fjórum í hálit með þéttan lit?

16. Ísland-England 17-13 IMPar 45-33

NORDUR
♠ G873
♥ ÁG
♦ 7
♣ ÁD9853

Þú
♠ ÁD
♥ 109642
♦ G1086
♣ K2

Þú spilar 3G í suður.

Vestur vakti í þriðju hendi á 1♠, sem getur verið fjórlitir. Makker kom inn á 2♣, austur sagði 2♠ og þú laukst sögnum með 3G.

Út kemur ♠9 - þriðja frá brotinni röð - og þú átt slaginn á ♠D.

Hvernig er úætlunin?

(31) NORDUR
♠ G873
♥ ÁG A/NS
♦ 7 ÁTTUM BREYTT
♣ ÁD9853

VESTUR AUSTUR
♠ K1065 ♠ 942
♥ KD ♥ 8753
♦ Á52 ♦ KD943
♣ G1074 ♣ 6

SUDUR
♠ ÁD
♥ 109642
♦ G1086
♣ K2

Ísland / England

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gold	Bessi	Townsend	Bjarni
-	-	Pass	Pass
1 ♠	2 ♣	2 ♠	3 G
Pass	Pass	Pass	

Spilið er léttunnið ef laufið kemur, en annars vantar slag. Bæði Bjarni og Armstrong á hinu borðinu fóru strax í laufið, tóku kóng og ás. Þegar legan sýndi sig var hægt að bjarga málunum með því að spila ♥Á og gosa, en það er langsótt að gera ráð fyrir hjónunum blönkum og báðir héldu áfram með lauf. Vörnin hafði þá tíma til að sækja fimmta slaginn á hjarta eða spaða og spilið féll í átta slögum.

Er ekki besta spilamennskan að senda hjarta að blindum í öðrum slag? Í þessu tilfelli leysist hjartað sjálfkrafa, en segjum að vestur sé með ♥KDx. Mun hann þora að láta lítið? Varla. Ef vestur fylgir hins vegar með smáu er álitamál hvort prófa eigi gosann (til að glíma við háspil annað í vestur), því vörnin gæti hugsanlega kreist út fjóra tígulslagi ef vestur á tvö mannspil og níuna fjórðu. Sem er ljótt ef laufið fellur, þrátt fyrir allt.



John Armstrong.

Þú ert í fyrstu hendi, allir á hættu:

♠ - ♥ 106 ♦ KD5 ♣ ÁG1098732

Hver er opnunin?



David Gold.

(32) NORDUR
♠ 1075
♥ ÁDG S/Allir
♦ Á10932 ÁTTUM BREYTT
♣ K6

VESTUR AUSTUR
♠ ÁK43 ♠ DG9862
♥ K8532 ♥ 974
♦ G8 ♦ 764
♣ D4 ♣ 5

SUDUR
♠ -
♥ 106
♦ KD5
♣ ÁG1098732

David Gold vakti á 5♣ og þar við sat 13 slagir.

Matthías kaus að byrja rólega á 1♣:

Ísland / England

Vestur	Norður	Austur	Suður
Holland	Magnús	Armstrong	Matthías
-	-	-	1 ♣
1 ♥	Dobl	Pass	5 ♣
Pass	5 ♥	Pass	6 ♣
Pass	Pass	Pass	

Alslemman er mjög heit eftir innákomu vesturs, en Matthías treysti sér ekki í 5♣ yfir 5♥ (kannski átti Magnús að segja frekar 5♦). En þeir félagar þurftu ekki að gráta alslemmuna; hún fannst hvergi og hálfsllemman dugði í 13 stig.

NORDUR
♠ D987
♥ 92
♦ D106
♣ ÁD72

Þú
♠ ÁK106
♥ KG4
♦ Á983
♣ 96

Þú spilar 4♠.

Austur vakti á 1♥, þú komst inn á 1G, og endaðir svo í 4♠ eftir Stayman-spurningu makkers.

Út kemur ♥2 (þriðja hæsta) upp á ás og ♦2 um hæl.

Hvernig viltu spila?

(34) NORDUR
 ♠ D987
 ♥ 92 N/Allir
 ♦ D106 ÁTTUM BREYTT
 ♣ ÁD72

VESTUR
 ♠ 43
 ♥ 865
 ♦ KG754
 ♣ 854

AUSTUR
 ♠ G52
 ♥ ÁD1073
 ♦ 2
 ♣ KG103

SUÐUR
 ♠ ÁK106
 ♥ KG4
 ♦ Á983
 ♣ 96

Ísland / England

Vestur	Norður	Austur	Suður
Magnús	Armstrong	Matthías	Holland
-	Pass	1 ♥	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	2 ♥	Pass	3 ♠
Pass	4 ♠	Allir pass	

Út kom hjarta upp á ás og tígull til baka. Margir sagnhafar hleyptu á ♦D og fóru þá strax niður á stungu, en Holland drap með ás, tók þrisvar tromp og spilaði tígli að drotningu. Svinaði svo ♥G í lokin og fékk þannig 10 slagi.

Á hinu borðinu vakti Bjarni á 10-12 punkta grandi í norður og austur kom inn á tvílitla sögn. Sagnir enduðu svo í 2♥ dobluðum, einn niður.

Fjöldjöfullinn gaf vel af sér í þessu spili:

(35) NORDUR
 ♠ ÁK104
 ♥ G A/NS
 ♦ 9853 ÁTTUM BREYTT
 ♣ D543

VESTUR
 ♠ 75
 ♥ Á964
 ♦ ÁG10642
 ♣ 9

AUSTUR
 ♠ DG96
 ♥ D10753
 ♦ -
 ♣ 10872

SUÐUR
 ♠ 832
 ♥ K82
 ♦ KD7
 ♣ ÁKG6

Ísland / England

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bessi	Townsend	Bjarni	Gold
-	-	2 ♣	2 G
3 ♦	Dobl	3 ♥	Pass
Pass	4 ♥	Pass	5 ♣
Dobl	Allir pass		

Opnun Bjarna á 2♣ sýndi veik spil með hálitina eða tígul. Það er ekkert upp úr 3♥ að hafa og sú ákvörðun Englendinganna að fara í 5♣ er skiljanleg. Þrír niður, 800-kall og 12 stig, því hinum megin fór Matthías einn niður á 3G.

17. Ísland-Ítalía 19-11 IMPar 47-31

ÞEGAR hindrunarsagnir standa undir nafni gerist þetta:

♠ 8652 ♥ D932 ♦ ÁK943 ♣ -

Það eru allir utan hættu og fyrsti maður vekur á 3♣.

Hvað viltu segja?



Alfredo Versace.

(36) NORDUR
 ♠ ÁK3
 ♥ ÁG5 A/Enginn
 ♦ D865 ÁTTUM BREYTT
 ♣ ÁD4

VESTUR
 ♠ DG107
 ♥ 1064
 ♦ 72
 ♣ 8763

AUSTUR
 ♠ 94
 ♥ K87
 ♦ G10
 ♣ KG10952

SUÐUR
 ♠ 8652
 ♥ D932
 ♦ ÁK943
 ♣ -

Alfredo Versace lét eftir sér að dobla út á skiptinguna og þá héldu Lauria engin bönd:

Ísland / Ítalía

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Lauria	Magnús	Versace
-	-	3 ♣	Dobl
4 ♣	5 ♣	Pass	5 ♦
Pass	7 ♦	Allir pass	

Þegar meira er í húfi liggur hjartakóngur annar í vestur (!), en slík draumalega var ekki til staðar hér og Versace endaði einn niður.

Það voru skiptar skoðanir um það á Bridgebase-vefnum hvor bæri sökina, en Lauria var ekki í vafa:

“Fyrirgefðu makker,” sagði hann eftir spilið, greinilega sáttur við hið fislétta opnunardobl. En er Lauria ekki vorkunn að búast við ♦ÁK og ♥K a.m.k?

Á hinu borðinu passaði Nunes í byrjun og Jón vakti á tígli með 9 punktana í suður og sló hvergi af í framhaldinu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Fantoni	Þorlákur	Nunes	Jón
-	-	Pass	1 ♦
Pass	2 ♦	Pass	4 ♣
Pass	4 ♦	Pass	5 ♣
Pass	6 ♦	Allir pass	

Þorlákur sýnir tígul og krefur í geim með 2♦ og Jón flísar galvaskur í laufi. Hann kemur svo eyðunni til skila í næsta hring, en neitar um leið fyrirstöðu í hálit, svo Þorlákur sér að hjartakónginn vantar og lætur hálfslému duga.

Hér voru áhorfendur búnir að bóka stórsveiflu til Íslands, en þegar til kom þá unnu Ítalir 2 stig á spilinu!

Sex tíglar eru síður en svo á borðinu - það verður að fá þrjá slagi á hjarta og ekki er sjálfgefið að toppa litinn. Út kom ♠D og Jón aftrompaði mótherjana og þreifaði fyrir sér með því að stinga laufin og svína ♥G. Á endanum þurfti hann að hitta í hjartað og valdi að svína níunni, sennilega á þeirri forsendu að austur hafði ekki opnað á 3♣ í byrjun. Vestur fékk þannig síðustu slagina á ♥10 og spaða - tveir niður.

(37) NORDUR
 ♠ Á43
 ♥ ÁG832 S/Enginn
 ♦ K53 ÁTTUM BREYTT
 ♣ Á2

VESTUR
 ♠ K10762
 ♥ D54
 ♦ 2
 ♣ D964

AUSTUR
 ♠ -
 ♥ K106
 ♦ DG10964
 ♣ 10873

SUÐUR
 ♠ DG985
 ♥ 97
 ♦ Á87
 ♣ KG5

Þorlákur og Lauria spiluðu báðir 4♠ í suður. Nunes kom út með einspilið í tígli (Fantoni hafði sagt tígul), sem Þorlákur tók heima og spilaði ♠D - kóngur, ás og ♦D. Þorlákur spilaði litlu hjarta og Fantoni fór upp með kóng til að spila tígli. Nunes trompaði í bláinn og spilaði laufi upp í KGx. Nú var Þorlákur með völdin: hann gaf slag á ♠10 og átti afganginn: 10 slagir.

Flestir töpuðu 4♠, meðal annars Lauria eftir lauf út frá Magnúsi. Matthías kom ekki inn á tígulsögn, svo Lauria var grunlaus um leguna og lét vestur trompa af sér tígulásinn.

Makker opnar á sterkum 2G og þú spyrd um hálti með 3♣ ...

♠ 75 ♥ G873 ♦ ÁK ♣ G9872

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	2 G
Pass	3 ♣	4 ♠	Pass
Pass	?		

... en austur setur stórt strik í reikninginn með innákomu á 4♠. Þú ert á hættu en AV utan.

Hvað viltu segja?



Matthias Gisli Þorvaldsson.

(38)

NORÐUR		
♠ 75		
♥ G873	S/NS	
♦ ÁK		
♣ G9872		

VESTUR	AUSTUR
♠ 96	♠ KDG10843
♥ 1042	♥ 95
♦ G10632	♦ 87
♣ D106	♣ 54

SUÐUR
♠ Á2
♥ ÁKD6
♦ D954
♣ ÁK3

Ísland / Ítalía

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Matthias	Lauria	Magnús
-	-	-	2 G
Pass	3 ♣	4 ♠	Pass
Pass	5 G	Pass	6 ♥
Pass	Pass	Pass	

”Vertu svo vænn að velja slemmu, makker,” sagði Matthias með 5G og Magnús valdi hjartað og tók þar 12 slagi án þess að blása úr nös: 1430.

Sagnir fóru eins af stað á hinu borðinu, en þar doblaði Fantoni 4♠ og suður sat. Fjórir spaðar eiga með réttu að fara fjóra niður (800), en vörnin brást illilega. Nunes tók tvo slagi á lauf og spilaði svo ♥ÁKD. Þorlákur trompaði þriðja hjartað og læddi litlum spaða á níuna. Nunes dúkkaði og Þorlákur komst inn til að henda tígli í ♣D. Aðeins þrjár niður, 500, og 14 stig til Íslands.

18. Ísland-Finnland 18-12 IMPar 53-39

ÞORLÁKUR stakk höfðinu í gin ljónsins, en ljónið var ekki hungrað.

(39)

NORÐUR		
♠ 97		
♥ D853	V/Allir	
♦ G82		
♣ DG32		

VESTUR	AUSTUR
♠ D854	♠ G
♥ ÁG2	♥ K109
♦ 4	♦ ÁD10763
♣ Á10975	♣ 864

SUÐUR
♠ ÁK10632
♥ 764
♦ K95
♣ K

Ísland / Finnland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Saloma	Jón	Sue	Þorlákur
2 ♣	Pass	3 ♣	3 ♠
Pass	Pass	4 ♣	Allir pass

Eftir Precision opnun vesturs á 2♣, hækkar austur hindrandi í 3♣ og stillir sig svo um að dobla innákomu Þorláks í bakhendinni - kannski vegna óvissu um merkingu doblsins, eða kannski bara af virðingu fyrir andstæðingunum. Alla vega slapp Þorlákur fyrir horn og fékk auk þess töluna, því 4♣ fóru einn niður.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bjarni	Koistinen	Bessi	Nyberg
1 ♣	Pass	1 ♦	2 ♠
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Hér er Nyberg doblaður þrepinu neðar og þurfti að reiða út 500-kall fyrir tvo niður. Út kom tígull upp á ás og hár tígull til baka, sem sagnhafi hleypti og Bjarni trompaði. Ef austur kemst tvisvar inn á hjarta til að spila tígli má ná 2♠ þrjá niður, en það tekst ekki með bestu spilamennsku sagnhafa. Ef vestur spilar til dæmis ♥2 getur sagnhafi haldið austri í eini innkomu með því að fara upp með drottninguna. En Bjarni tók á ♣Á og spilaði ♥Á og gosa, sem auðvelt var að dúkka.



Clas Nyberg.

Nyberg náði fram hefndum skömmu síðar þegar Bessi og Bjarni þvældust upp á fimmta þrep í slemmuleit:

♠ Á109 ♥ 982 ♦ G6 ♣ 109864

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nyberg	Bjarni	Koistinen	Bessi
Pass	1 ♣	Pass	1 ♥
Pass	2 ♦	Pass	3 ♥
Pass	3 ♠	Pass	4 ♦
Pass	4 ♠	Pass	4 G
Pass	5 ♥	Allir pass	

Kerfið er eðlilegt; Bjarni sýnir sterk spil og láglitina með vendingu í 2♦ og Bessi sjálfspilandi hjartalit með 3♥. Síðan taka við fyrirstöðusagnir og RKC.

Hvar myndi lesandinn koma út?



Sigurbjörn Haraldsson.

(40)

NORÐUR		
♠ KG2		
♥ Á	V/Allir	
♦ D1087	ÁTTUM BREYTT	
♣ ÁKG32		

VESTUR	AUSTUR
♠ Á109	♠ D6543
♥ 982	♥ 106
♦ G6	♦ Á92
♣ 109864	♣ D75

SUÐUR
♠ 87
♥ KDG7543
♦ K543
♣ -

Nyberg lagði ♠9 á borðið og Bessi lét gosann - einn niður. Hinum megin kom út ♣10 gegn 4♥ - tólf slagir.

NORÐUR
♠ 64
♥ K63
♦ 1086
♣ DG1032

Þú spilar 4♥.

ÞÚ
♠ KG1073
♥ ÁDG72
♦ KG5
♣ -

Þetta er tuddageim, en gæti unnist í góðri legu. AV hafa ekkert sagt og vestur kemur út með ♣Á

Hvernig viltu spila?

(41) NORDUR
 ♠ 64
 ♥ K63 N/AV
 ♦ 1086
 ♣ DG1032

VESTUR
 ♠ D85
 ♥ 104
 ♦ Á432
 ♣ ÁK85

AUSTUR
 ♠ Á92
 ♥ 985
 ♦ D97
 ♣ 9764

SUDUR
 ♠ KG1073
 ♥ ÁDG72
 ♦ KG5
 ♣ -

Ísland / Finnland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Saloma	Jón	Sue	Þorlákur
-	Pass	Pass	1 ♠
Pass	1 G	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥	Allir pass	

Út kom ♣Á og Þorlákur henti tígli í slaginn heima! Saloma flýtti sér þá að taka ♦Á og spila meiri tígli. Þorlákur fór inn í borð á ♥K og spilaði spaða á kónginn. Gaf spaðaslag, trompaði litinn frían og fékk sína tíu slagi.

Spilið má vinna með því að trompa fyrsta slaginn, en það var sniðugur sálrænn leikur hjá Þorláki að henda í laufásinn. Það leysti í reynd fyrir hann tígulstöðuna og auðveldaði honum að hitta í spaðann.



Þorlákur Jónsson.

19. Ísland-Litháen 24-6 IMPar 69-26

ÞÚ LUMAR á góðum sex-spila tígli og átt út gegn 3G:

♠ 1052 ♥ 10432 ♦ ÁK10742 ♣ -

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Sagnir gerast ekki eðlilegri.

Hvert er útspilið?

(42) NORDUR
 ♠ ÁD973
 ♥ D9 N/AV
 ♦ G3
 ♣ Á985

VESTUR
 ♠ 1052
 ♥ 10432
 ♦ ÁK10742
 ♣ -

AUSTUR
 ♠ KG64
 ♥ KG6
 ♦ 986
 ♣ 1074

SUDUR
 ♠ 8
 ♥ Á875
 ♦ D5
 ♣ KDG632

Ísland / Litháen

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bessi	Lukinskas	Bjarni	Michailovas
-	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Bessi valdi lítinn tígul í þeirri von að makker þvældist fyrir í svörtu litunum og kæmist inn til að spila tígli aftur. Ekki í þetta sinn. - Grandvarir spilarar enduðu í 5♣ og fóru þar hægt og hljótt einn niður, en 3G voru þó spiluð á 10 borðum og unnust í fimm skipti eftir smáan tígul út.

20. Ísland-Þýskaland 18-12 IMPar 49-36

ÞJÓÐVERJINN Fritsche harmaði útspil sitt gegn næfurþunnri tígulslemmu Þorláks:

(43) NORDUR
 ♠ 2
 ♥ 942 A/Allir
 ♦ Á642
 ♣ ÁK1084

VESTUR
 ♠ KD9765
 ♥ G7
 ♦ 95
 ♣ G96

AUSTUR
 ♠ Á84
 ♥ KD1053
 ♦ 10
 ♣ D753

SUDUR
 ♠ G103
 ♥ Á86
 ♦ KDG873
 ♣ 2

Ísland / Þýskaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Fritsche	Jón	Marsal	Þorlákur
-	-	1 ♥	2 ♦
2 ♠	4 ♠	Dobl	Pass
Pass	5 ♣	Pass	6 ♦
Pass	Pass	Pass	

Fritsche kom út með ♠K og skipti yfir í ♥G. En of seint. Þorlákur drap, fríaði laufið með tveimur stungum og losaði sig við hjörtun heima. Með hjarta út vantar samgang til að vinna úr lauflitnum í tæka tíð. Geim var spilað á hinu borðinu.

En Fritsche grét ekki lengi. Strax í næsta spili launaði hann Þorláki lambið gráa.

(44) NORDUR
 ♠ 4
 ♥ 9872 A/Enginn
 ♦ K9876 ATTUM SNÚID
 ♣ G86

VESTUR
 ♠ G5
 ♥ D1065
 ♦ 10543
 ♣ D93

AUSTUR
 ♠ ÁK9873
 ♥ G4
 ♦ 2
 ♣ K1075

SUDUR
 ♠ D1062
 ♥ ÁK3
 ♦ ÁDG
 ♣ Á42

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Marsal	Þorlákur	Fritsche
-	-	1 ♠	Dobl
Pass	2 ♥	2 ♠	2 G
Pass	3 G	Allir pass	

Jón kom út með ♠G og Þorlákur leyfði Fritsche að eiga slaginn á drottninguna. Fritsche spilaði ♥K, rétt til að kanna móinn, og síðan ♦D. Svo kom vandaður leikur - ♥3 undan ásnum. Þorlákur átti slaginn á ♥G, tók ♠ÁK og skipti yfir í smátt lauf. Þetta var dýrkeypt vörn. Fritsche dúkkaði yfir á laufdrottninguna og Jón spilaði tígli til baka. En spilinu var í raun lokið; Fritsche tók ♠10 og ♥K og þvingaði Jón með laufásnum í þessari stöðu:

NORDUR
 ♠ -
 ♥ 9
 ♦ K9
 ♣ -

VESTUR
 ♠ -
 ♥ D
 ♦ 105
 ♣ -

AUSTUR
 ♠ 9
 ♥ -
 ♦ -
 ♣ K10

SUDUR
 ♠ -
 ♥ -
 ♦ G
 ♣ Á4

Á hinu borðinu varð Matthías sagnhafi í 3G á spaðaeinspilið í norður:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Piekarek	Matthías	Gotard	Magnús
-	-	1 ♠	Dobl
Pass	1 G	2 ♠	Pass
Pass	3 ♦	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Grandsvarið er afmelding og það skýrir þessa óheppilegu niðurstöðu. Suður kom út með smáan spaða og Matthías hitti á að stinga upp drottningu, en það dugði ekki til og Matthías þurfi að vanda sig til að sleppa einn niður.

21. Ísland-Pólland 14-16 IMPar 10-17

LÍTIÐ var skorað í leik Íslands og Póllands og eina tveggja stafa sveiflan kom í slemmuspili þar sem finna þurfti drottningu í hliðarlit:

(46) NORDUR
 ♠ DG1076
 ♥ 5 A/NS
 ♦ G10742
 ♣ 74

VESTUR AUSTUR
 ♠ K5 ♠ 98
 ♥ ÁKD742 ♥ G83
 ♦ 5 ♦ Á86
 ♣ ÁG103 ♣ K9852

SUÐUR
 ♠ Á432
 ♥ 1096
 ♦ KD93
 ♣ D6

Ísland / Pólland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kowalski	Bessi	Tuszynski	Bjarni
-	-	Pass	1 ♦
Dobl	1 ♠	Dobl	2 ♠
3 ♠	4 ♠	Pass	Pass
5 ♥	Allir pass		

Út kom ♠D og Kowalski fékk tólf slagi, enda ♣D auðfundin eftir léttu opnun Bjarna. Gawrys passaði hins vegar í byrjun á móti Jóni og Þorláki:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Chmursky	Þorlákur	Gawrys
-	-	Pass	Pass
1 ♣	1 ♠	2 ♣	3 ♣
3 ♥	3 ♠	4 ♥	4 ♠
4 G	Pass	5 ♦	Dobl
6 ♥	Allir pass		

Sagnir eru að mestu eðlilegar, nema laufopnun Jóns er sterk og 3♣ Gawrys sýnir góða hækkun í spaða.

Eftir doblið á 5♦ kom Chmursky út með tígul - nánar tiltekið fjarkann - og Jón drap og rúllaði niður nokkrum trompum. Á endanum varð hann að fara í laufið og valdi að taka ásinn og hleypa gosanum: einn niður 11 stig til Þólverja.



Apolinary Kowalski.



Piotr Gawrys.

Þótt lítið væri skorað í leiknum var töluvert um tækifæri. Hér missu til dæmis bæði NS-pörin ágæta slemmu, þrátt fyrir nákvæmar rannsóknir:

(47) NORDUR
 ♠ ÁD42
 ♥ 1075 S/Enginn
 ♦ Á6
 ♣ ÁD72

VESTUR AUSTUR
 ♠ K853 ♠ 1097
 ♥ G63 ♥ 984
 ♦ D52 ♦ KG8743
 ♣ 1096 ♣ 4

SUÐUR
 ♠ G6
 ♥ ÁKD2
 ♦ 109
 ♣ KG853

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kowalski	Bessi	Tuszynski	Bjarni
-	-	-	1 ♣
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	3 ♣	Pass	3 ♥
Pass	4 ♦	Pass	4 ♥
Pass	4 ♠	Pass	5 ♣
Allir pass			

Eftir eðlilega byrjun krefur Bessi í geim með 2♦ og tekur svo undir laufið í næsta hring. Þeir þaukamba spilið og vantar aðeins að annar harki sér í slemmu. Þannig koðna sagnir oft niður þegar báðir telja sig útmeldaða.

Hið sama gerðist hjá Þólverjunum á hinu borðinu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Chmursky	Þorlákur	Gawrys
-	-	-	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 ♥
Pass	3 ♠	Pass	4 ♥
Pass	5 ♣	Allir pass	

Gawrys vekur á Precision 2♣ og sýnir svo hjarta til hliðar og 2-4-2-5 með 2G. Chmursky styður laufið og eftir nokkrar fyrirstöðusagnir lypast þeir niður í 5♣, báðir búnir að segja frá sínu að eigin mati.

Makker opnar á 1♦ og næsti kemur inn á 1♠. Enginn á hættu.

♠ KD8 ♥ Á3 ♦ 972 ♣ K10872

Hver er sögnin?

(48) NORDUR
 ♠ 1095
 ♥ 8 N/Enginn
 ♦ ÁG653
 ♣ ÁD94

VESTUR AUSTUR
 ♠ G3 ♠ Á7642
 ♥ DG9762 ♥ K1054
 ♦ KD10 ♦ 84
 ♣ 53 ♣ G6

SUÐUR
 ♠ KD8
 ♥ Á3
 ♦ 972
 ♣ K10872

Gawrys stökk í 3G og fór snarlega tvo niður eftir hjarta út frá Jóni.

Bjarni kaus að fara rólegu leiðina og sagði 2♣. Síðan ...

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kowalski	Bessi	Tuszynski	Bjarni
-	1 ♦	1 ♠	2 ♣
2 ♥	3 ♣	3 ♥	3 ♠
Pass	4 ♥	Pass	4 ♠
Pass	4 G	Pass	5 ♥
Pass	6 ♣	Allir pass	

En þetta var of mikið í ráðist og sennilega liggur feillinn í 4♠ sögn Bjarna. Á þeim punkti hefði hann betur slegið af og hrökklast í 5♣.

Reyndar er síður en svo sjálfgefið að vinna 5♣ þrátt fyrir hagstæða tígullegu, því vel kemur til greina að hreinsa upp hliðarlitina og spila ♦Á og tigli í von um háspil annað. Sem gerðist á þó nokkrum borðum.

22. Ísland-Belgía 25-1 IMPar 85-11

EFTIR að makker passar í byrjun, vekur andstæðingur til hægri á 3♣ og þú átt leikinn með:

♠ K5 ♥ DG843 ♦ ÁKD6 ♣ Á6

Hvað viltu segja?

(49) **NORÐUR**
 ♠ ÁD863
 ♥ 1092 N/Enginn
 ♦ 1053
 ♣ 94

VESTUR
 ♠ G9742
 ♥ ÁK
 ♦ G982
 ♣ 108

AUSTUR
 ♠ 10
 ♥ 765
 ♦ 74
 ♣ KDG7532

SUÐUR
 ♠ K5
 ♥ DG843
 ♦ ÁKD6
 ♣ Á6

Þrjár sagnir koma til álita við hindrun austurs á þremur laufum: 3♥, 3G eða dobl. Bjarni valdi 3G og var lánsamur með hjartaleguna. Hann dúkkaði laufútspilið og sótti hjartað: 10 slagir. Þar sem suður doblaði 3♣ stökk norður víða í 4♠ með slæmum árangri, en annars sögðu flestir 3♥, sem norður hækkaði í fjögur. Það geim lítur ágætlega út, en tapast vegna spaðalegunnar. Yfirleitt kom út ♣10, sem sagnhafi drap og spilaði trompi. Nú er laufslagurinn mættur og enn tími til að byggja upp spaðastungu. Magnús og Matthías tóku 4♥ þannig niður á hinu borðinu.



Bjarni Hólmur Einarsson.

Þú heitir Norberto Bocchi og átt út gegn 6♥ með þessi spil:

♠ Á9752 ♥ 4 ♦ D62 ♣ G432

Ítalía / Ísrael

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bocchi	Liran	Duboin	Levinger
-	-	Pass	2 ♦
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	3 ♦	Pass	3 ♠
Pass	4 G	Pass	5 ♥
Pass	6 ♥	Allir pass	

Suður opnar á *multi* 2♦ og sýnir í framhaldinu hámark með hjarta og tvö lykilspil.

Hvar á að koma út?



Norberto Bocchi.

(50) **NORÐUR**
 ♠ KD6
 ♥ ÁG7 A/NS
 ♦ K954
 ♣ ÁK10

VESTUR
 ♠ Á9752
 ♥ 4
 ♦ D62
 ♣ G432

AUSTUR
 ♠ G43
 ♥ D103
 ♦ G8
 ♣ 98765

SUÐUR
 ♠ 108
 ♥ K98652
 ♦ Á1073
 ♣ D

Bocchi kom út með ♦2, sem verður að teljast eitt óheppilegasta útspil mótsins. Ekki einasta gaf það sagnhafa færi á að losa sig við spaðana tvo ofan í ♣ÁK, heldur leysti útspilið tígulvandann líka. Bessi hnækkti slemmuni með ♠Á út í leiknum við Belga, en M&M spiluðu 3G á hinu borðinu og fengu 11 slagi.

Ísraelinn David Birman varðist eins og ljón gegn 3G Alfredo Versace, en ekkert dugði á Ítalann.

(51) **NORÐUR**
 ♠ K862
 ♥ ÁG98 S/Allir
 ♦ 864 ÁTTUM BREYTT
 ♣ K4

VESTUR
 ♠ ÁD94
 ♥ D10
 ♦ K1095
 ♣ 1073

AUSTUR
 ♠ 105
 ♥ 7543
 ♦ G3
 ♣ DG985

SUÐUR
 ♠ G73
 ♥ K62
 ♦ ÁD72
 ♣ Á62

Ítalía / Ísrael

Vestur	Norður	Austur	Suður
Birman	Lauria	Fohrer	Versace
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♥	Pass	1 G
Pass	2 G	Pass	3 G
Allir pass			

Útspil: ♣7.

Til að byrja með hitti Birman á lauf út, sem er langbest fyrir vörminna. Versace dúkkaði ♣G og austur skipti yfir í ♦3 - lítið heima, Birman átti slaginn á níuna og sneri sér aftur að laufinu. Versace tók næst misheppnaða tígulsvíningu (spilaði tíguláttu - ♦G, ♦D og ♦K) og við það myndaðist gaffall í litnum, ♦Á7 heima og ♦105 í vestur. Enn varðist Birman vel með það að skipta yfir í ♥D! Nú er til í dæminu að drepa á ásinn og svína fyrir tíuna í austur, en Versace grunaði Birman um græsku - tók fyrst á ásinn, svo kónginn og tían féll. Staðan:


NORÐUR
 ♠ K862
 ♥ G9
 ♦ 6
 ♣ -

VESTUR
 ♠ ÁD94
 ♥ -
 ♦ 105
 ♣ 10

AUSTUR
 ♠ 105
 ♥ 75
 ♦
 ♣ D98

SUÐUR
 ♠ G73
 ♥ 6
 ♦ Á7
 ♣ Á

Versace var nú með allt á hreinu. Hann tók laufásinn og spilaði spaða. Birman dúkkaði og kóngurinn átti slaginn. Síðan tók Versace á ♥G9 og Birman gerði úrslitatilraun til að hnækja spilinu með því að henda ♠ÁD! En Versace átti gosann og fékk þar níunda slaginn.



David Birman.

NORÐUR

♠ 74
 ♥ Á852
 ♦ K85
 ♣ KDG7

ÞÚ

♠ D953
 ♥ K103
 ♦ D3
 ♣ Á932

Þú spilar 3G.

Vestur sagði hjarta, en kemur samt út með smáan spaða. Austur tekur á kóng, spilar ♠G - drottning og ás og enn spaði. Austur fær á tíuna og nú er nían frí. Austur skiptir svo yfir í ♥9.

Hvernig viltu fylgja þessari hagstæðu byrjun eftir?

(52)

NORÐUR	
♠ 74	
♥ Á852	S/Allir
♦ K85	ÁTTUM SNÚID
♣ KDG7	
VESTUR	
♠ Á62	AUSTUR
♥ DG764	♠ KG108
♦ Á94	♥ 9
♣ 86	♦ G10762
	♣ 1054
SUÐUR	
♠ D953	
♥ K103	
♦ D3	
♣ Á932	

Ísland / Belgía

Vestur	Norður	Austur	Suður
Caputo	Bjarni	Demarcin	Bessi
-	-	-	1 ♣
1 ♥	2 ♥	Pass	3 ♣
Pass	3 ♦	Pass	3 G

Allir pass

Geimið er þunnt, en Bessi fékk fljúgandi start. Út kom spaði frá ásnum þriðja og vörnin tók þar þrjá slagi og friaði níu suðurs. Síðan skipti austur yfir í ♥9.

Bessi lét tíuna og drap gosann í borði. Tók svo ♣KD og yfirdrap gosann með ás til að spila litlum tígli undan drottningunni. Vestur dúkkaði og kóngur blinds átti slaginn. Bessi fór þá heim á ♣9, tók spaðslaginn og neyddi vestur til að fara niður á ♦Á blankan. Vestur var svo sendur inn á ásinn til að spila frá ♥D í tveggja spila endastöðu.

Það gekk allt upp hjá íslenska liðinu í þessum leik.

23. Ísland-Hv. Rússl. 25-3 IMPar 83-21

NORÐUR
♠ ÁK42
♥ Á104
♦ K106
♣ D108

Þú spilar 3G.

AV hafa ekkert sagt og vestur kemur út með smáan tígul.

ÞÚ
♠ G63
♥ KG87
♦ 74
♣ ÁK64

Þú lætur tíuna, austur drepur á gosa og skiptir yfir í ♠9.

Fyrstu viðbrögð?

Þetta er grunsamleg vörn og bendir til að ♦Á liggja á eftir kóngnum.

Segjum að þú látir lítinn spaða heima í níuna. Vestur fylgir þá með fimmu.

Viltu drepa eða dúkka?

Og hvernig hyggstu fara í hjartað?

(53)

NORÐUR	
♠ ÁK42	
♥ Á104	S/Allir
♦ K106	ÁTTUM SNÚID
♣ D108	
VESTUR	
♠ D1085	AUSTUR
♥ 53	♠ 97
♦ D9832	♥ D962
♣ 53	♦ ÁG5
	♣ G972
SUÐUR	
♠ G63	
♥ KG87	
♦ 74	
♣ ÁK64	

Holland / Ungverjaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Honti	Ramondt	Szilagyi	Westra
-	-	-	1 ♣
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

Eins og flestir aðrir sagnhafar fékk Hollendingurinn Berry Westra út tígul. Hann lét tíuna og austur átti slaginn á gosa. Austur skipti nú yfir í ♠9.

Westra drap strax, fór heim á ♣Á og svínaði ♥10. Ekki gekk sú svíning, en á móti kom að austur gat ekki sótt að tíglinum og hann spilaði hjarta til baka. Westra prófaði laufið, tók hinn háspaðann og frihjörtun:

NORÐUR	
♠ 2	
♥ -	
♦ K6	
♣ -	
VESTUR	
♠ D10	AUSTUR
♥ -	♠ -
♦ D	♥ -
♣ -	♦ Á5
	♣ G
SUÐUR	
♠ G	
♥ -	
♦ 7	
♣ 4	

Með átta slagi í húsi spilaði Westra nú laufi og lét vestur gefa úrslitaslaginn á tígulköng.

Á hinu borðinu dúkkaði Dumbowich spaðaniú í öðrum slag í von um hagstæða spaðalegu. Hann hitti heldur ekki í hjartað og þar eð hvorugur svartir liturinn skilaði aukaslag, hlaut spilið að tapast - vörnin hafði fengið of marga slagi til að hægt væri að endaspila austur.

Bjarni fékk á sig sömu vörn gegn Hvít Rússum, en hann hafði tilfinningu fyrir hjartastöðunni, tók ásinn og lét tíuna fara.

Dálítið glannalegt, en árangursríkt.

Millispilin voru í aðalhlutverki í tignarlegu úrspili Ungverjans Winklers:

(54)

NORÐUR	
♠ D1073	
♥ G97	A/Allir
♦ D874	ÁTTUM SNÚID
♣ D9	
VESTUR	
♠ G864	AUSTUR
♥ 10542	♠ 92
♦ 963	♥ Á3
♣ Á10	♦ KG1052
	♣ G632
SUÐUR	
♠ ÁK5	
♥ KD86	
♦ Á	
♣ K8754	

Holland / Ungverjaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Muller	Dumbowich	de Wijs	Winkler
-	-	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 ♥
Pass	3 G	Allir pass	

Yfirleitt varð norður sagnhafi í 3G, en Winkler "stal" sögninni með því að vekja á 2G í suður, þrátt fyrir einspilið í tígli.



Gabor Winkler.

Smár tígull út frá austri hnekkir 3G á augabragði - og það gerðist víða - en hitt er þyngra að finna tígulinn út frá þrílitnum í vestur. Muller gerði það þó í ljósi sagna. Suður hafði sýnt hjarta og hann bjóst við spaðalit í borði eftir hálitaspurninguna.

Muller valdi ♦6 - miðjumoð. Winkler lét smátt úr borði og de Wijs í austur bjóst skiljanlega við ♦Á9 hjá sagnhafa og blæddi því tíunni í slaginn. Fæddist þá fótur.

Winkler spilaði hjarta á gosann og ás austurs, sem svaraði með öðru hjarta til sagnhafa og níunni hent undir í blindum. Þá kom lauf á drottningu og lauf í bláinn og ásinn féll. Átta slagir mættir.

Muller notaði innkomuna á ♣Á til að spila ♦3 - sjöan úr borði, gosi frá austri og lauf heiman. Nú voru gafflar út um allt og De Wijs fann besta leikinn með því að spila ♠2 frá 92.

Samgangssins vegna varð sagnhafi að taka slaginn hátt heima. Winkler tók tvo spaðaslagi í viðbót, en hitti skiljanlega ekki á að svína tíunni. Fjögur spil eftir:

NORÐUR		AUSTUR	
♠ 10		♠ -	
♥ 7		♥ -	
♦ D8		♦ K5	
♣ -		♣ G6	
VESTUR		SUÐUR	
♠ G		♠ -	
♥ 105		♥ D8	
♦ 9		♦ -	
♣ -		♣ K8	

Winkler las nú stöðuna vel - spilaði ♦D og felldi níu vesturs! Heima henti Winkler hjartaáttu og fórnaði þar með möguleika á aukaslag þar.

Austur átti slaginn á ♦K, en var illa endaspilaður - varð að spila tígli á áttu blinda eða gefa fría svíningu í laufi.

(55)	NORÐUR	A/Enginn
	♠ 63	
	♥ D42	
	♦ 5432	
	♣ Á873	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ ÁG1085	♠ D9742
	♥ ÁG1085	♥ 976
	♦ 8	♦ D96
	♣ DG	♣ 64
	SUÐUR	
	♠ K	
	♥ K3	
	♦ ÁKG107	
	♣ K10952	

Miklos Dumbowich kom lymnskulega út með ♣G og það ruglaði Muller í ríminu. Hann drap á ♣Á og tók ÁK í tígli. Hitti svo heldur ekki í laufið og fór tvo niður.

Muller gleymdi að huga að sögnum. Innákoma vesturs á 1G sýndi hálti eða lágliti og austur *valdi* tígulinn í fyrstu atrennu. Í því ljósi var útilokað að laufgosinn væri einn á ferð og ennfemur líklegt að austur ætti þrjá tígla.

24. Ísland-Ungverjal. 14-16 IMPar 40-43

TVÖ síðustu spilin reyndust Íslandi dýr á móti Ungverjum.

(56)	NORÐUR	S/AV
	♠ ÁK63	
	♥ Á963	
	♦ 2	
	♣ Á753	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ DG754	♠ 10
	♥ G8	♥ 72
	♦ 843	♦ KD10765
	♣ K109	♣ D842
	SUÐUR	
	♠ 982	
	♥ KD1054	
	♦ ÁG9	
	♣ G6	

Ísland / Ungverjaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Szalay	Bessi	Macskasy	Bjarni
-	-	-	1 ♥
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	4 ♦	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	5 G
Pass	6 ♥	Allir pass	

Bessi styður hjartað með 2G og Bjarni sýnir lágmarksopnun, en fyllist svo ótímabærum metnaði þegar Bessi segir frá stuttum tígli. Slemman er afleit og vinnst því aðeins að vestur komi út með háspaða - eins og gerðist á tveimur borðum - en Bjarni var ekki svo heppinn og fór óhjákvæmilega einn niður. Hinum megin spiluðu NS 4♥.

Þú ert í austur í vörn gegn 3G:

BLINDUR		Þú
♠ D9		♠ ÁG42
♥ 3		♥ D764
♦ K1073		♦ 654
♣ KD9753		♣ Á6
<i>Útspil ♥2</i>		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bjarni	Szalay	Bessi	Macskasy
-	Pass	1 ♦	Pass
1 ♥	2 ♣	2 ♥	3 G
Allir pass			

Útspil makkers er ♥2, fjórða hæsta, þú lætur ♥D og suður drepur með ás. Sagnhafi spilar næst ♣8 - fjarki frá makker og kóngur í borði.

Hvernig viltu verjast?

Það sem er einfalt á opnu borði er það ekki alltaf í reynd:

(57)	NORÐUR	N/Allir
	♠ D9	ATTUM SNÚID
	♥ 3	
	♦ K1073	
	♣ KD9753	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ K865	♠ ÁG42
	♥ 10852	♥ D764
	♦ D82	♦ 654
	♣ 104	♣ Á6
	SUÐUR	
	♠ 1073	
	♥ ÁKG9	
	♦ ÁG9	
	♣ G82	

Bessi drap á ♣Á og spilaði ♥7. Það var ekki gott.

Hvað vakti fyrir Bessa? Mátti hann ekki taka á spaðaásinn til að kanna viðbrögð makkers? Ekki endilega. Frá bæjardyrum austurs getur útspilið verið frá ♥Á1082, en þá er nauðsynlegt að geyma spaðaásinn sem innkomu til að spila aftur í gegnum suður.

Það er svo önnur spurning hvort rétt sé að dúkka ♣K í von um upplýsingar frá makker, enda sú hættu kannski hverfandi að makker sé með ♣G10x. Þeir félagar spila íslenskan "oddball", þar sem hátt spil lýsir ánægju með útspilið hjá báðum. (Smith-reglan virðist þó betri, þar sem útspilarinn setur hátt spil ef hann vill endilega annan lit, en lágt spil er hlutlaust.)

Hvernig viltu spila?



Miklos Dumbowich.

25. Ísland-Yfirseta 18-0 IMPar 0-0

EKKI er óþekkt að vekja á grandni með langan og þéttan láglit. Ísraelsmaðurinn David Birman lét það eftir sér í leiknum við Þjóðverja:

(58)	NORDUR		
	♠ KDG92		
	♥ 94	A/Enginn	
	♦ 1042		
	♣ K32		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 875		♠ Á10	
♥ ÁDG753		♥ 1062	
♦ 7		♦ 963	
♣ G64		♣ ÁD875	
	SUÐUR		
	♠ 643		
	♥ K8		
	♦ ÁKDG85		
	♣ 109		

Ísrael / Þýskaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Fritsche	Fohrer	Marsal	Birman
-	-	Pass	1 G !
2 ♦	Dobl	2 ♥	3 G
Allir pass			

Birman hélt að hann hefði dottið í lukkupottinn eins og sagnir þróuðust. Innákoma vesturs á 2♦ sýndi hjarta og dobl makkers var punktadobl. Með ♥Kx taldi Birman sig vel varinn fyrir hjarta-útspili og stökk í 3G.

En ekki fer allt sem ætlað er. Vestur kom út með lauf frá gosanum þriðja. Birman hefði kannski átt að fara upp með kónginn, en hann lét lítið og austur tók slaginn á drottninguna. Síðan kom hjarta í gegnum kónginn og vörnin tók þar sex slagi. Vestur negldi lauffiuna með gosanum svo þar fengust aðrir fimm og Birman varð að sætta sig við einn slag í lokin.

26. Ísland-Eistland 5-25 IMPar 51-103

ÞAÐ eru allir á hættu og fyrsti maður vekur á 4♠. Spilin þín eru:

♠ ÁD ♥ 1087 ♦ G965432 ♣ Á

Þú passar, enda með ágæta vörn, en þegar að makker kemur þá finnur hann dobl:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	4 ♠	Pass
Pass	Dobl	Pass	?

Hvað nú?



Tom Hanlon.

(58)	NORDUR		
	♠ G6		
	♥ KG653	A/Allir	
	♦ Á107	ÁTTUM BREYTT	
	♣ KD9		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 9		♠ K10875432	
♥ ÁD94		♥ 2	
♦ KD8		♦ -	
♣ G10873		♣ 6542	
	SUÐUR		
	♠ ÁD		
	♥ 1087		
	♦ G965432		
	♣ Á		

Írland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Efrainsson	Hanlon	Morath	McGann
-	-	4 ♠	Pass
Pass	Dobl	Pass	6 ♦
Dobl	Allir pass		

Írinn Hugh McGann átti von á betri spilum hjá makker og stökk í slemmu. Efrainsson doblaði, auðvitað, og fékk slagina sína tvo - á hjartaás og tromp.

Dobl Hanlons er vissulega í harðara lagi og yfirleitt völdu menn að passa og uppskáru 200 fyrir að taka 4♠ tvo niður. Það gerðist á báðum borðum í leik Íslands og Eistlands. En hitt er líka sjónarmið að hlífa makker í svona stöðum og sætta sig við að missa eina og eina slemmu.

Næst er að velja útspil gegn 4♠:

♠ ÁK6 ♥ D872 ♦ G32 ♣ Á52

Írland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Efrainsson	Hanlon	Morath	McGann
-	-	-	1 G
Pass	4 ♥	Pass	4 ♠
Allir pass			

Fjögur hjörtu er yfirfærsla í spaða.

Hvert er útspilið?

(59)	NORDUR		
	♠ DG1098742		
	♥ -	S/Enginn	
	♦ D95	ÁTTUM BREYTT	
	♣ 63		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁK6		♠ -	
♥ D872		♥ G10653	
♦ G32		♦ 764	
♣ Á52		♣ KDG87	
	SUÐUR		
	♠ 53		
	♥ ÁK94		
	♦ ÁK108		
	♣ 1094		

Þetta er staða til að "kíkja á blindan" og Efrainsson valdi laufásinn með ágætum árangri: einn niður. Ítalinn Bocchi lagði niður ♠Á í sömu stöðu og fékk laufkall, en furðu margir gáfu geimið með hjarta-útspili.



Bengt-Erik Efrainsson.

27. Ísland-San Mar. 25-3 IMPar 84-22

UTAN gegn á í fyrstu hendi - í þeirri stöðu þarf ekkert að eiga til að láta að sér kveða. En menn ganga misjafnlega langt í léttleikanum. Enska parið Townsend og Gold spila einhvers konar Blakset opnun, þar sem þeir telja sér skylt að byrja á 2♠ með 0-5 punkta og hvaða skiptingu sem er - það er að segja, í draumastöðunni, í fyrstu hendi, utan gegn á hættu. En það er betra að eiga flóttalit og Townsend þótti nokkurt skjól í sexlitnum í hjarta:

♠ 87 ♥ 876542 ♦ G106 ♣ G8

England / Þýskaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gold	Piekarek	Townsend	Gotard
-	-	2 ♠	3 ♥
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

Hjúkk! Andstæðingarnir komnir í geim í flóttalitnum. Sjáum á næstu síðu hvernig þeim reiðir af.

(60)

NORÐUR	
♠ ÁKG102	A/NS
♥ D3	ÁTTUM BREYTT
♦ K84	
♣ 762	

VESTUR	AUSTUR
♠ D63	♠ 87
♥ -	♥ 876542
♦ 97532	♦ G106
♣ ÁD543	♣ G8

SUÐUR	
♠ 954	
♥ ÁKG109	
♦ ÁD	
♣ K109	

England / Þýskaland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gold	Piekarek	Townsend	Gotard
-	-	2 ♠	3 ♥
Pass	4 ♥	Pass	Pass
Pass			

Tromplegan skóp engin vandræði fyrir sagnhafa, því hann var með 10 toppslagi - 5 á tromp, tvo á spaða og þrjá á tígul.

Austur fann ekki opnun á hinu borðinu, en vestur blandaði sér í sagnir með lág-litainnákomu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Marsal	Holland	Fritsche	Armstrong
-	-	Pass	1 ♥
2 G	3 ♣	Pass	4 G
Pass	5 ♥	Pass	5 ♠
Allir pass			

Holland sýndi sterk spil og spaða með 3♣ og Armstrong stóðst ekki mátið að reyna við slemmu. Armstrong var heppinn að makker skyldi ekki eiga spaðadrottningu líka, því þá hefði hann svarað lykilsplaspurningunni með 5♠ og orðið sagnhafi - í fimm eða sex. Laufgosinn út hnekkir fimm og sú niðurstaða sást á nokkrum borðum. En í suður er engin hætta á ferðum og tólf slagir öruggir með því að svína í trompi.

28. Ísland-Rúmenía 23-7 IMPar 59-21

ÞÚ ERT í austur og fylgist af áhuga með mótherjunum skriða upp í 4♥, þar sem þú átt kónginn fimmta:

♠ 108 ♥ K9742 ♦ Á75 ♣ G97

England / Pólland

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gold	Skrzypczak	Townsend	Gierulski
-	Pass	Pass	1 ♠
Pass	1 G	Pass	2 ♥
Pass	3 ♥	Pass	4 ♥
Pass	Pass	?	

Viltu dobla?

BLINDUR	
♠ Á5	
♥ DG103	
♦ D83	
♣ D842	

ÞÚ	
♠ 108	
♥ K9742	
♦ Á75	
♣ G97	

Útspil ♦ G

Hvort sem þú doblar eða ekki, þá spilar makker út ♦G og sagnhafi lætur lítið úr borði. Og þá er það spurningin góða:

Drepa eða dúkka?



David Price.

(61)

NORÐUR	
♠ Á5	
♥ DG103	N/Allir
♦ D83	ÁTTUM BREYTT
♣ D842	

VESTUR	AUSTUR
♠ G974	♠ 108
♥ -	♥ K9742
♦ G10942	♦ Á75
♣ Á653	♣ G97

SUÐUR	
♠ KD632	
♥ Á865	
♦ K6	
♣ K10	

Þetta eru snúin spil, bæði í vörn og sókn, þar sem trompið er 5-0 úti í 4-4 fitti. Fjögur hjörtu voru spiluð á 30 borðum í opna flokknum (af 32), unnust á 11, en fóru niður í 19 tilfellum.

Englendingarnir Townsend og Gold stóðu sig vel í vörninni: Townsend lét lítið í fyrsta slag og suður átti slaginn á ♦K, fór inn í borð á ♠Á og svínaði ♥D. Legan var áfall - því Townsend doblaði ekki - og sagnhafi sneri sér næst að spaðanum, tók hjónin og henti tígli. En austur trompaði með hundi og fékk síðar annan slag á tromp, sem dugði í fjóra með ásunum í lágglitunum.

David Price var sagnhafi í 4♥ á hinu borðinu. Þar drap austur á ♦Á og skipti yfir í lauf upp á ás vesturs, sem enn kom með lauf.

Price fór inn á blindan á spaða til að svína ♥D og sá leguna. En nú var nóg af slögum. Price tók ♦K, síðan ♠K og trompaði spaða hátt.

NORÐUR	
♠ -	
♥ 103	
♦ D	
♣ D8	

VESTUR	AUSTUR
♠ G	♠ -
♥ -	♥ K974
♦ 109	♦ 7
♣ 65	♣ G

SUÐUR	
♠ D6	
♥ Á86	
♦ -	
♣ -	

Austur á eftir að láta í slaginn. Hann græðir ekkert á því að yfirtrompa, því þá má svína fyrir níuna, svo hann valdi að henda laufi. En Price tók þá á ♦D og spilaði laufi og austur gat aldrei fengið nema einn trompslag. Kannaðu málið.

29. Ísland-Lettland 14-16 IMPar 42-48

SUÐUR spilar 4♠ án afskipta AV af sögnum og fær út tígulköng.

(62)

NORÐUR	
♠ D106	
♥ ÁK10965	
♦ 86	
♣ 84	

VESTUR	AUSTUR
♠ G8532	♠ -
♥ 87	♥ D432
♦ KD9	♦ 1075
♣ Á92	♣ KG10763

SUÐUR	
♠ ÁK974	
♥ G	
♦ ÁG432	
♣ D5	

Er til vinningsleið?

Allir sem fengu út ♣Á - og þeir voru margir - fóru niður á 4♠. En átta sagnhafar náðu í tíu slagi eftir ♦K út. Sem er engan veginn auðsótt verk.

Ungverjinn Szalay spilaði þannig: Hann drap strax á ♦Á, tók ♥ÁK og henti laufi. Spilaði ♥10 og henti öðru laufi þegar austur kaus að spara drottninguna. Vestur trompaði hjartatíuna og reyndi ♣Á, en Szalay trompaði og gaf tígulslag. Enn kom lauf, sem Szalay trompaði með öðrum hundi og spilaði síðan tígli í stöðunni á næstu blaðsíðu og hitti á að trompa með ♠6 ...



Gyorgy Szalay.

NORÐUR		
♠	D106	
♥	965	
♦	-	
♣	-	
VESTUR		AUSTUR
♠	G853	♠ -
♥	-	♥ D
♦	D	♦ 7
♣	2	♣ G1076
SUBUR		
♠	ÁK9	
♥	-	
♦	G43	
♣	-	

Eftirleikurinn var skemmtilegur: Szalay trompaði hjarta með ás, síðan tígul með drottningu, loks annað hjarta með kóng og spilaði svo tígli í tveggja spila endastöðu með ♠10 í borði og ♠9 heima.

Vestur fékk aðeins einn slag á spaðagosa eftir að hafa undirtrompað þrisvar.

Það er svo annað mál að spilið tapast ef austur tímur að leggja ♥D á tíuna í upphafi. En greinilega voru margir nískir á drottninguna.

30. Ísland-Serbía 19-11 IMPar 37-19

ÞÚ ERT í austur í vörn gegn 6♥.

BLINDUR	
♠	102
♥	K975
♦	ÁK1097
♣	73

Útspil ♣D	ÞÚ
	♠ G9
	♥ G84
	♦ DG632
	♣ K108

Suður hefur sýnt 18-19 HP og jafna skiptingu með fjórlit í hjarta.

Makker kemur út með ♣D, þú lætur kónginn og suður tekur með ás.

Sagnhafi spilar ♥Á-K-D og makker er tvisvar með, en hendir svo laufi.

Nú spilar sagnhafi tígli á ás og makker er ekki með. Sagnhafi tekur næst ♠Á-K-D og hendir laufi úr borði.

En hverju hendir þú?

(63)	NORÐUR	
	♠ 102	
	♥ K975	V/Enginn
	♦ ÁK1097	
	♣ 73	

VESTUR	AUSTUR
♠ 87653	♠ G9
♥ 32	♥ G84
♦ -	♦ DG632
♣ DG6542	♣ K108

SUBUR
♠ ÁKD4
♥ ÁD106
♦ 854
♣ Á9

Noregur / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nyström	Helness	Bertheau	Helgemo
Pass	Pass	Pass	1 ♥
Pass	2 ♣ *	Pass	3 G
Pass	4 ♦	Pass	6 ♥
Pass	Pass	Pass	

* Drury

Við sjáum hvað gerist ef austur hendir laufi í stöðunni. Sagnhafi trompar þá lauf og spilar litlum tígli úr borði:

NORÐUR
♠ -
♥ 9
♦ K1097
♣ -

VESTUR	AUSTUR
♠ 87	♠ -
♥ -	♥ -
♦ -	♦ DG63
♣ G65	♣ 10

SUBUR
♠ 4
♥ 10
♦ 85
♣ 9

Bertheau sá þetta fyrir og henti réttilega tígli og átti þá útgönguleið í laufinu. Nokkrir varnarspilarar sváfu á verðinum og gáfu slemmuna með því að henda laufi, en ekki í leik Íslands og Serbíu - þar féll spilið í 6♥, einn niður.

Í leik Finna og Pólverja varð Kauko Koistinen sagnhafi í 6♥ í norður. Gawrys doblaði út á tíguleyðuna og Chmursky kom þar út. Gawrys trompaði og spilaði svo spaða, sem Kauko tók og reyndi strax að henda niður laufi í spaða. En þá trompaði austur og gaf makker aðra tígulstungu: Tveir niður, doblaðir.

BRIDGE.IS

Bridgesamband Íslands
Síðumúla 37, Reykjavík
Sími: 587-9360

31. Ísland-Wales 14-16 IMPar 32-38

EF TIL VILL eru ósammála, en það verður að hafa það. Þú ert á hagstæðum hættum og stekkur í 2♥ við Acól-opnun suðurs á 1♦:

♠ 985	♥ ÁG1073	♦ 1095	♣ G9
-------	----------	--------	------

Ísland / Wales

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Casey	Magnús	Kurbalija
-	-	-	1 ♦
2 ♥	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Nú er að spila út.



Magnús Eiður Magnússon.

Dobl á 3G getur auðvitað verið hreint og klárt viðskiptadobl, en ofast nær er það viðleitni til að benda á ákveðið útspil, eða a.m.k. vara við tilteknum lit. Hjá þeim félögum varar doblið við hjartaútspili - sögðum lit útspilara - en eftir stóð spurningin hvort doblið væri byggt á laufstöppu eða spaðalit.

Matthías valdi laufgosann ...

(64)	NORÐUR	
	♠ K6	
	♥ D642	S/NS
	♦ Á8	
	♣ D8542	
VESTUR	AUSTUR	
♠ 985	♠ DG10743	
♥ ÁG1073	♥ 8	
♦ 1095	♦ G72	
♣ G9	♣ ÁK7	
	SUBUR	
	♠ Á2	
	♥ K95	
	♦ KD643	
	♣ 1063	

... með hræðilegum afleiðingum.

Sagnhafi lét ♣D, sem Magnús drap og skipti yfir í spaða. En of seint. Sagnhafi tók á ♠K í borði og spilaði laufi að tíunni. Það skilaði honum 10 slögum, 950 og 14 IMPum, en á hinu borðinu fóru AV einn niður á 3♠.

32. Ísland-Danmörk 16-14 IMPar 33-29

AFTUR færðu að velja útspil gegn 3G dobluðum. Þú átt í vestur:

♠ 942 ♥ K8 ♦ K107642 ♣ KG

Ísland / Danmörk

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nielsen	Bjarni	Schou	Bessi
-	-	-	1 ♣
1 ♦	1 ♠	Pass	2 ♥
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 G	Dobl	Allir pass

Sagnir eru eðlilegar, norður hefur sýnt 5-lit í spaða og suður vendingu með 5-4 í laufi og hjarta.

Hvert er útspilið?



Jón Baldursson.

(65)	NORÐUR	
	♠ K8753	
	♥ 95	S/AV
	♦ G93	
	♣ D106	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ 942	♠ DG106
	♥ K8	♥ 107643
	♦ K107642	♦ 5
	♣ KG	♣ Á32
	SUÐUR	
	♠ Á	
	♥ ÁDG2	
	♦ ÁD8	
	♣ 98754	

Hið "eðlilega" tígulútspil snargefur 3G - sagnhafi fær fyrsta slaginn ódýrt og sækir einfaldlega laufið.

En Nielsen lagði spaðaníuna á borðið og eftir þá byrjun er engin leið að ná í níu slagi og Bessi taldist góður að enda einn niður. (Vörnin fékk tvo slagi á spaða, tvo á lauf og einn á hjartakóng.)

Hinum megin spiluðu Danirnir Askgaard og Bjarnason 2♠ gegn Jóni og Þorláki og fóru tvo niður. Spilið féll því.

♠ ♥ ♦ ♣

33. Ísland-Svíþjóð 15-15 IMPar 45-44

ÍSLAND gat tryggt sér HM-sæti með 20-10 sigri á Svíum, en fyrirfram var það ekki líklegt í ljósi sögunnar - Svíar eru traustir og gefa sjaldan á sér færi. Auk þess hafa þessar þjóðir gert jafntefli í mikilvægum leikjum, svo langt sem elstu menn muna.

Kerfið er Precision og þú vekur á sterku laufi í suður á þessi spil:

♠ G ♥ ÁD2 ♦ 75 ♣ ÁKDG743

Ísland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bertheau	Þorlákur	Nyström	Jón
-	-	-	1 ♣
1 ♦	Dobl	2 ♦	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	4 ♥	Pass	?

Doblið hjá makker á 1♦ sýnir 5-7 HP.

Hvað viltu segja við fjórum hjörtum?



Peter Bertheau.

(66)	NORÐUR	
	♠ Á10653	
	♥ K987	S/AV
	♦ 1063	ÁTTUM SNÚÐ
	♣ 9	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ 987	♠ KD42
	♥ 63	♥ G1054
	♦ KD842	♦ ÁG9
	♣ 865	♣ 102
	SUÐUR	
	♠ G	
	♥ ÁD2	
	♦ 75	
	♣ ÁKDG743	

Jón sagði pass við 4♥ og Þorlákur þoldi ekki styttinginn og fór tvo niður.

Ísland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Efrainsson	Magnús	Morath
-	-	-	1 ♣
Pass	1 ♠	Pass	3 ♣
Pass	3 ♥	Pass	5 ♣
Allir pass			

Ellefu slagir og jafn margir IMPar til Svía.

Þú ert í sæti "gulrótar" Moraths í suður:

♠ G4 ♥ D985 ♦ D9753 ♣ 83

Ísland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Efrainsson	Magnús	Morath
-	-	1 G	Pass
2 ♦	Pass	2 ♥	Pass
2 ♠	3 ♠	Dobl	?

Austur opnar á 10-12 punkta gringrandi og svar vesturs á 2♦ getur verið eitt og annað, meðal annars veik spil með hálit og það sýnir hann með 2♠. Og þá allt í einu kemur makker með hressa ofanigjöf.

Hvað þýðir sögnin hjá makker og hvað viltu segja?



Anders Morath.

Morath túlkaði 3♠ sem Michaels innákomu til að sýna hjarta og láglit. Og sagði 4♥:

(67)	NORÐUR	
	♠ 9	
	♥ Á64	A/NS
	♦ Á	
	♣ ÁKDG10952	
	VESTUR	AUSTUR
	♠ KD8763	♠ Á1052
	♥ G32	♥ K107
	♦ G108	♦ K642
	♣ 6	♣ 74
	SUÐUR	
	♠ G4	
	♥ D985	
	♦ D9753	
	♣ 83	

Ísland / Svíþjóð

Vestur	Norður	Austur	Suður
Matthías	Efrainsson	Magnús	Morath
-	-	1 G	Pass
2 ♦	Pass	2 ♥	Pass
2 ♠	3 ♠	Dobl	4 ♥
4 ♠	5 ♣	Pass	5 ♥
Pass	6 ♣	Pass	OK
Pass			

Og þegar Efrainsson sagði 5♣ yfir 4♠ hljómaði það eins og hann væri að sýna láglitinn til hliðar við hjartað. Sex lauf fóru einn niður, auðvitað, en Jón og Þorlákur spiluðu 5♣ á hinu borðinu.

SAGNKEPPNI

Það var skemmtileg nýbreytni hjá BSÍ að efna til Íslandsmóts í sagnkeppni, en fyrsta "mótið" af þeim toga fór fram í desember. Níu pör skráðu sig til keppni og melduðu 33 spil, sérvalin af Antoni Haraldssyni, Ómari Olgeirssyni og Ísaki Erni Sigurðssyni. Ritstjórinn hefur fengið leyfi til að nota 10 af þessum spilum í sagnkeppni Bridesbladsins með sögnum efstu para, sem voru **Bjarni Einarsson & Sigurbjörn Haraldsson** (75.9%), og **Björgvin Már Kristinsson & Sverrir Kristinsson** (75%). Kerfi beggja para er Standard, a.m.k. að nafninu til, en óhætt er að segja að víða viki spilarar af hefðbundinni Standard-slóð.

SPIL 1

V/AV

Vestur	Austur
♠ Á	♠ 10762
♥ 98764	♥ ÁKD
♦ Á	♦ D875
♣ ÁK10853	♣ 72

<u>Bjarni</u>	<u>Bessi</u>
1 ♣	1 ♠
2 ♥ = VENDING	2 G
3 ♥ = 6♣ & 5♥	4 G = RKC
5 ♣ = 3 LS	5 G
7 ♥	Pass

<u>Sverrir</u>	<u>Björgvin</u>
1 ♣	1 ♥ = SPADI
2 ♣	2 G
3 ♥	4 ♥
5 ♥	6 ♥
Pass	

STIG: 6♥=10, 6♣=8, 5♥=6, 5♣=6, 3G=5, 7♥=2, 7♣=2, bútur=1

Bjarni & Bessi: 2 stig
Sverrir & Björgvin: 10 stig

Bjarni sýnir fyrst sterk spil og 4-5 með vendingu í tvö hjörtu, síðan 5-6 með þremur hjörtum. Tvö grönd Bessa er í raun afmilding, svo hann tekur af skarið og spyr um lykilspil. Fimm grönd er alslemmuáskorun og Bjarni játar á sig sökina: "Ég var of fjótfær - átti að segja sex lauf, því makker þarf að eiga laufdrottningu til að alslemma sé góð." Sverrir og Björgvin nota yfirfærslur við laufopnun, svo Björgvin sýnir spaðalit (eða þannig) með hjartasvarinu. Sverrir hefði getað vent sér í tvö hjörtu, en hann kaus að melda laufið aftur. Framhaldið er farsælt.

SPIL 2

N/O - N opnar á 4♠

Vestur	Austur
♠ Á7	♠ 9
♥ KG9872	♥ D1064
♦ -	♦ ÁKDG105
♣ Á8543	♣ K9

<u>Bjarni</u>	<u>Norður</u>	<u>Bessi</u>	<u>Suður</u>
-	(4♠)	Dobl	(Pass)
4 G = TVEIR LITIR		5 ♦	
6 ♥		Pass	

<u>Sverrir</u>	<u>Norður</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Suður</u>
-	(4♠)	Dobl	(Pass)
5 ♠		6 ♦	
6 ♥		Pass	

STIG: 6♥=10, 5♥=7, 5♦=6, 6♦=5, 4♠(x)=4

Bjarni & Bessi: 12 stig
Sverrir & Björgvin: 20 stig

Doblið er til úttektar hjá báðum pörum og eftir þá byrjun er vestur heitur fyrir alslemmu. En Bjarni og Sverrir taka skynsamlega á málum - krefja fyrst og láta svo sex hjörtu duga þegar makker meldar tígul. Vandí vesturs er mun meiri ef austur skellir sér beint inn á fimm tíglum. Austur gæti verið með 7-8 lit í tigli, svo það er ekki hættulaust að segja fimm hjörtu í þeirri stöðu.

SPIL 3

V/NS

Vestur	Austur
♠ 1082	♠ 6
♥ Á3	♥ KD9
♦ ÁG10873	♦ KD42
♣ Á10	♣ K9642

<u>Bjarni</u>	<u>Bessi</u>
1 ♦	2 ♦
2 ♥ = STOPP	3 ♠ = SPLINTER
4 ♣ = FYRIRSTADA	4 ♥ = FYRIRSTADA
4 G = RKC	5 ♦ = EITT LS
6 ♦	Pass

<u>Sverrir</u>	<u>Björgvin</u>
1 ♦	2 ♣ = YFIRFÆRSLA
2 ♦ = SKYLDA	3 ♠ = SPLINTER
4 ♣ = FYRIRSTADA	4 ♥ = FYRIRSTADA
4 G = RKC	5 ♦ = EITT LS
6 ♦	Pass

STIG: 6♦=10, 5♦=7, 4♦=4, 3G=3

Bjarni & Bessi: 22 stig
Sverrir & Björgvin: 30 stig

Bjarni H. Einarsson & Sigurbjörn Haraldsson

Sverrir Kristinsson & Björgvin M. Kristinsson

Hækkun Bessa í tvo tígla er krafa (minnst áskorun) og tvö hjörtu á móti sýnir grandstopp í hjarta. Bessi flísar þá og framhaldið er ráðið. Björgvin fer í raun sömu leið, yfirfærir í tígul með tveimur laufum og sýnir svo stuttan spaða.

SPIL 4

N/AV - N opnar á 2♥

Vestur	Austur
♠ ÁK64	♠ DG10
♥ 74	♥ G85
♦ KG952	♦ Á87
♣ ÁG	♣ KD103

<u>Bjarni</u>	<u>Norður</u>	<u>Bessi</u>	<u>Suður</u>
-	(2♥)	Pass	(Pass)
Dobl		3 ♣ = SPIL	
3 ♦		3 ♥	
3 ♠		5 ♦	
Pass			

<u>Sverrir</u>	<u>Norður</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Suður</u>
-	(2♥)	Pass	(Pass)
Dobl		2 G = LEBENSOHL	
3 ♣ = SKYLDA		3 G = EKKI ♥-STOPP	
5 ♦		Pass	

STIG: 4♠=10, 5♦=6, 2♥(x)=5, 3♣=5, 4♦=5, 5♣=4, 2♥(P)=3, 3G=2

Bjarni & Bessi: 28 stig
Sverrir & Björgvin: 36 stig

Austur á 13 punkta, en hvorki Bessi né Björgvin kæra sig um að koma strax inn á tvö hjörtu, enda skiptingin jöfn og aðeins þrilitur í spaða. Bessi er meira að segja nógu ihaldssamur til að láta þrjú lauf duga við doblinu, sem er vissulega uppbyggileg sögn, en ekki krafa. Björgvin fer í gegnum tvö grönd, Lebensohl, og neitar svo fyrirstöðu í hjarta með þremur gröndum í kjölfarið - "slow-no" aðferðin.

SPIL 5

S/AV-5 opnar á 3♥

Vestur Austur
 ♠ K9 ♠ ÁDG8764
 ♥ KG65 ♥ -
 ♦ KD743 ♦ G109
 ♣ ÁD ♣ K83

<u>Bjarni</u>	<u>Norður</u>	<u>Bessi</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	(3♥)
3 G		4 ♥ = YFIRFÆRSLA	
4 ♠		4 G = RKC	
5 ♥ = 2 LS ÁN TD		6 ♠	
Pass			

<u>Sverrir</u>	<u>Norður</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	(3♥)
3 G		4 ♥ = YFIRFÆRSLA	
4 ♠		5 ♣ = FYRIRSTADA	
5 ♠		Pass	

STIG: 6♠=10, 6♦(A)=7, 5♠=7, 4G=7,
 6♦(V)=5, 3♥(x)=4

Bjarni & Bessi: 38 stig
 Sverrir & Björgvin: 43 stig

Eftir yfirfærslu í spaða keyrir Bessi í slemmu (eða voru 4G áskorun?), en Björgvin tekur veikleikann í tígli alvarlega og gefst upp þegar enga hjálp er að fá frá makker.

SPIL 6

V/0

Vestur Austur
 ♠ ÁKD82 ♠ 10
 ♥ 53 ♥ Á2
 ♦ KD ♦ G1085432
 ♣ ÁK43 ♣ D52

<u>Bjarni</u>	<u>Bessi</u>
2 ♣ = ALKRAFA	2 ♦ = BIDSÖGN
2 ♠	3 ♦
4 ♦	4 ♥ = FYRIRSTADA
4 ♠ = FYRIRSTADA	5 ♦
6 ♦	Pass

<u>Sverrir</u>	<u>Björgvin</u>
1 ♠	1 G = KRAFA
2 ♣ = NORNIN	3 ♦
5 ♦	Pass

STIG: 6♦=10, 5♦=7, 4♠=6, 5♠=5,
 4♦=4, 3G=3, 3♠=3, 3♣=2

Bjarni & Bessi: 48 stig
 Sverrir & Björgvin: 50 stig

Bjarni vekur á alkröfu með fjöldjöfla-ivafi og tekur síðar þá góðu ákvörðun að styðja tígulinn. Sverrir opnar á einum, fær kröfugrand á móti og hrærir í nornapottinum með tveimur laufum - sem getur verið 16+.

SPIL 7

V/A

Vestur Austur
 ♠ ÁKD9 ♠ 4
 ♥ 62 ♥ ÁD983
 ♦ 7652 ♦ 98
 ♣ G107 ♣ ÁKD53

<u>Bjarni</u>	<u>Bessi</u>
Pass	1 ♥
1 ♠	3 ♣ = 13-16, 55+
3 ♦ = ÓVISSA	3 ♥
4 ♣	5 ♣
Pass	

<u>Sverrir</u>	<u>Björgvin</u>
Pass	1 ♥
1 ♠	3 ♣ = 13-16, 55+
5 ♣	Pass

STIG: 3G=10, 5♣=6, 4♥=6, bútur=4

Bjarni & Bessi: 54 stig
 Sverrir & Björgvin: 56 stig

Nornin ræður líka ríkjum eftir byrjunina eitt hjarta-einn spaði, sem þýðir að tvö laufopnara væri hugsanlega 16+ hp. Stökkið í þrjú lauf sýnir því minnst 5-5 og miðlungsopnun. Sverrir stekkur beint í fimm lauf, en Bjarni þreifir fyrir sér og hefði kannski átt að skjóta á þrjú grönd við þremur hjörtum.

SPIL 8

N/AV - N opnar á 2♠

Vestur Austur
 ♠ 7 ♠ Á984
 ♥ K84 ♥ ÁD5
 ♦ ÁG10 ♦ D6
 ♣ ÁDG1062 ♣ 9853

<u>Bjarni</u>	<u>Norður</u>	<u>Bessi</u>	<u>Suður</u>
-	(2♠)	Pass	(Pass)
3 ♣		3 G	
Pass			

<u>Sverrir</u>	<u>Norður</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Suður</u>
-	(2♠)	Pass	(Pass)
3 ♣		3 ♠	
4 ♦		6 ♣	
Pass			

STIG: 6♣=10, 5♠=7, 3G=6, 5G=4,
 2♠(x)=4, 7♠=4, 7G=3, bútur=1

Bjarni & Bessi: 60 stig
 Sverrir & Björgvin: 66 stig

Þrjú lauf virðist nokkuð þvinguð sögn í vestur og austur þarf þá að veiga og meta hvort hann lýkur sögnum með þremur gröndum eða heldur slemmuleit vakandi með þremur spöðum.

SPIL 9

A/NS

Vestur Austur
 ♠ Á10983 ♠ -
 ♥ K87 ♥ ÁG32
 ♦ G ♦ ÁKD10952
 ♣ KD104 ♣ Á7

<u>Bjarni</u>	<u>Bessi</u>
-	1 ♦
1 ♠	2 ♥ = VENDING
2 ♠	4 ♦ = GÓÐUR LITUR
4 G = RKC	5 ♦ = 4 LS
5 ♥ = SP UM TD	5 G = Á HANA
7 G	Pass

<u>Sverrir</u>	<u>Björgvin</u>
-	1 ♦
1 ♠	2 ♥ = VENDING
3 ♣ = GÓÐ SPIL	3 ♦
3 ♥	5 G = ASKORUN Í SJÓ
7 G	Pass

STIG: 7G=10, 7♦=7, 6G=6, 6♦=5,
 6♥=4, 5G=3, 5♦=3, 5♥=2

Bjarni & Bessi: 70 stig
 Sverrir & Björgvin: 76 stig

Allt meira og minna á eðlilegu nótunum og útkoman til fyrirmyndar.

SPIL 10

N/0 -N opnar á 3♥

Vestur Austur
 ♠ D8432 ♠ ÁK
 ♥ 2 ♥ D1074
 ♦ ÁK1087 ♦ DG3
 ♣ 75 ♣ KD63

<u>Bjarni</u>	<u>Norður</u>	<u>Bessi</u>	<u>Suður</u>
-	(3♥)	3 G	(Pass)
4 ♥ = YFIRFÆRSLA		4 ♠	
5 ♦		5 ♠	
Pass			

<u>Sverrir</u>	<u>Norður</u>	<u>Björgvin</u>	<u>Suður</u>
-	(3♥)	3 G	(Pass)
4 ♥ = YFIRFÆRSLA		4 ♠	
6 ♦		Pass	

STIG: 3G=10, 4G=8, 5♦=6, 4♠=6,
 3♥(x)=5, 5♠=4

Bjarni & Bessi: 74 stig
 Sverrir & Björgvin: 76 stig

Makker er ekki líklegur til að eiga góðan spaða þegar hann meldar þrjú grönd beint ofan í þrjú hjörtu. Því má setja spurningarmerki við framhald vesturs, því styrkurinn réttlætir varla slemmuleit.

BIKARINN 2006

SVEIT Þriggja frakka varð bikar-meistari eftir sigur á Hermann Friðrikssyni í úrslitaleik, en fjórar ósigraðar sveitir sumarsins kepptu að vanda til úrslita í september-lok. Í undanúrslitum vann sveit Hermanns Orkuveitu Reykjavíkur (131-17 í tveimur lotum), en Þrír frakkar lögðu liðsmenn Garða & véla (168-75 í fjórum lotum). Úrslitaleikurinn var sýndur beint á Bridgebase.com og gáfu liðmenn Hermanns leikinn eftir þrjár lotur af fjórum, en þá var staðan 175-71.

Liðskipan

Þrír frakkar

Ómar Olgeirsson, Kristján Blöndal, Valur Sigurðsson, Steinar Jónsson, Ísak Örn Sigurðsson, og Stefán Jónsson.

Hermann Friðriksson

Vilhjálmur Sigurðsson, Daniel Már Sigurðsson, Hlynur Angantýsson og Hermann Friðriksson.

Garðar & vélar

Simon Simonarson, Eiríkur Hjaltason, Einar Jónsson, Sigurður Vilhjálmsson og Júlíus Sigurjónsson.

Orkuveita Reykjavíkur

Páll Valdimarsson, Ragnar Magnússon, Sigfús Örn Árnason, Friðjón Þórhallsson, Hermann Lárusson og Þröstur Ingimarsson.

Úrslitaleikurinn

Fyrsta lotan gaf fyrirheit um jafnan leik, en eftir hana leiddi Hermann með einni geimsveiflu - þessari hér:

<i>Spil 13</i>	NORÐUR	
	♠ Á84	
	♥ DG1084	A/Allir
	♦ Á	ÁTTUM BREYTT
	♣ G542	

VESTUR	AUSTUR
♠ K6	♠ G7
♥ 73	♥ K9652
♦ D107542	♦ K3
♣ Á73	♣ K1096

SUÐUR
♠ D109532
♥ Á
♦ G986
♣ D8

Vestur	Norður	Austur	Suður
Steinar	Daniel	Ísak	Vilhjálmur
-	-	Pass	2 ♠
Pass	4 ♠	Allir pass	

Útspil: ♥7

Vörn eða sókn?

Vilhjálmur spilaði tígli á ás í öðrum slag og ♥D úr borði - kóngur og trompað. Hann stakk tígul og henti laufi niður í ♥G. Steinar trompaði með ♠6 og spilaði nú undan ♣Á yfir á kóng makkers, sem kom með hjarta um hæl. Vilhjálmur henti tígli heima og Steinar trompaði með kóng. Og spilaði tígli. En nú var Vilhjálmur með undirtökin: hann stakk frá með ♠Á og svínaði fyrir ♠G. Tíu slagir. - Bökkum aðeins í þá stöðu þegar Steinar trompaði með ♠6. Ef hann tekur þar ♣Á og spilar tígli, er ekki að sjá að sagnhafi eigi möguleika.

Á hinu borðinu varð Ómar sagnhafi í norður og fékk út ♦K frá Hlyni. Ómar fór eins af stað, lagði niður ♥Á, stakk tígul, spilaði ♥D og henti laufi þegar Hlynur lagði ekki á. Aftur kom hjarta - kóngur, trompað með tvisti og yfirtrompað með ♠6. Hermann tók ♣Á og spilaði tígli, sem Ómar trompaði lágt og Hlynur með gosa og spilaði hjarta: einn niður.

Í upphafi annarrar lotu kom upp svipað stef, þar sem vörninn fékk að yfiringa á víxl. Nú var það Vilhjálmur sem var fórnarlambið.

<i>Spil 21</i>	NORÐUR	
	♠ 9852	
	♥ 76532	A/AV
	♦ 53	ÁTTUM BREYTT
	♣ 93	

VESTUR	AUSTUR
♠ D3	♠ 1064
♥ 84	♥ KDG9
♦ G10872	♦ ÁKD96
♣ Á752	♣ G

SUÐUR
♠ ÁKG7
♥ Á10
♦ 4
♣ KD10864

Vestur	Norður	Austur	Suður
Kristján	Daniel	Ómar	Vilhjálmur
-	-	1 ♦	2 ♣
2 ♦	Pass	2 ♥	2 ♠
3 ♣ *	Pass	3 ♦	4 ♣
4 ♦	4 ♠	Dobl	Allir pass

Það er ekki á hverjum degi sem hægt er með "góðum rökum" að melda geim á hreinan *Yarborough* (spil án tíu), enda líkur á slíkri hönd einn á móti 1827. Og fljótt á litid virðist sem Daniel hafi tekið rétta ákvörðun. Út kom ♥8 og Villi jr. drap ♥G með ás. Ef hann fer strax í trompið fellur drottningin önnur og svo kemur laufgosinn blankur í kjölfarið. Það skilar tíu slögum.

En Vilhjálmur þekkir vel regluna um að fría hliðarlitinn fyrst þegar trompið er viðkvæmt og húrtaði út ♣K í öðrum slag. Kristján drap og gaf Ómari laufstungu. Ómar tók slag á hjarta, spilaði aftur hjarta og Kristján yfirtrompaði gosa suðurs með drottningu. Spilaði loks laufi og nú gat Ómar yfirtrompað níu blinds með tíu. Sem sagt, vörninn fékk þrjá slagi á tromp og 500-kall fyrir ómakið. Hinum megin fóru Hermann og Hlynur einn niður á 5♦ dóbliðum.

Hvað á að segja í fyrstu hendi, utan hættu gegn á hættu, með ...

... ♠ G4 ♥ 75 ♦ G ♣ KDG108743

<i>Spil 25</i>	NORÐUR	
	♠ Á962	
	♥ Á8	V/NS
	♦ Á10975	ÁTTUM BREYTT
	♣ 62	

VESTUR	AUSTUR
♠ G4	♠ 10853
♥ 75	♥ K942
♦ G	♦ K8432
♣ KDG108743	♣ -

SUÐUR
♠ KD7
♥ DG1063
♦ D6
♣ Á75

Ómar vakti á 5♣, Hlynur á 4♣.

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ómar	Vilhjálmur	Kristján	Daniel
5 ♣	Pass	Pass	Pass

Þrír niður, ódobláðir. Hér eru bræðurnir of þvingaðir af þeirri hugmynd að dób sé til úttektar - það er því miður óspilandi við opnun á fimmta þrepi. Doblíð ætti fremur að þýða "ég reikna með að ná þessu niður" og af sjálfu leiðir að varnarstyrkurinn er til hliðar en ekki í opunarlitnum, svo makker dóbblara getur tekið út með mikla skiptingu.

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hlynur	Steinar	Hermann	Valur
4 ♣	Pass	Pass	4 ♥
Pass	Pass	Pass	

Valur sá í hendi sér að hann fengi eitt-hvert fitt við hjartað og sagði galvaskur 4♥. Út kom einspilið í tígli, sem Valur tók með ás og spilaði strax ♥Á og hjarta: Tíu auðveldir slagir.



Bikarmeistarar 2006 í sveit Þriggja frakka: Frá vinstri: Steinar Jónsson, Ísak Örn Sigurðsson, Valur Sigurðsson, Kristján Blöndal og Ómar Olgeirsson. Á myndina vantar Stefán Jónsson.

“Vonlaust spil,” sögðu skýrendur á *Bridgebase* og höfðu út af fyrir sig á réttu að standa:

Spil 31

NORÐUR
 ♠ G876
 ♥ 109852 S/NS
 ♦ 10
 ♣ D103

VESTUR
 ♠ 932
 ♥ DG
 ♦ Á87532
 ♣ 62

AUSTUR
 ♠ Á4
 ♥ 643
 ♦ D94
 ♣ KG874

SUÐUR
 ♠ KD105
 ♥ ÁK7
 ♦ KG6
 ♣ Á95

Vestur	Norður	Austur	Suður
Valur	Hlynur	Steinar	Hermann
-	-	-	2 G
Pass	3 ♣	Dobl	3 ♦
Pass	4 ♦	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Steinar kom vörminni á sporið með því að dbla hálitaspurningu norðurs og Valur kom hlýðinn út með ♣6. En Hermann gafst ekki upp. Hann lét smátt úr borði og dúkkaði ♣G. Steinar hefði átt að spila ♣K í öðrum slag, en hann valdi smátt lauf og blindur komst því inn. Hermann notaði innkomuna til að hleypa ♦10. Nú þarf vestur að spila trompi, en það er erfið vörn og Valur spilaði ♥D. Hermann forðaði stungunni með því að henda laufi í ♦K og hitti svo í hjartað í kjölfarið. Tíu fallegir slagir.

Dú ert fjórði í röðinni: Fyrsti vekur á tveimur hjörtum, veikum, makker passar, og næsti lyftir í þrjú hjörtu. Hvað viltu segja með ...

... ♠ ÁK1082 ♥ Á4 ♦ 4 ♣ KDG108

Spil 33

NORÐUR
 ♠ -
 ♥ 975 V/Enginn
 ♦ DG10986 ÁTTUM BREYTT
 ♣ 9742

VESTUR
 ♠ G43
 ♥ KG10862
 ♦ 32
 ♣ Á5

AUSTUR
 ♠ D9765
 ♥ D3
 ♦ ÁK75
 ♣ 63

SUÐUR
 ♠ ÁK1082
 ♥ Á4
 ♦ 4
 ♣ KDG108

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Steinar	Hlynur	Valur	Hermann
2 ♥	Pass	3 ♥	4 ♠
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Fjórir niður og 800 í AV. Hermann er fjöllyndur spilari og vanur að bjarga sér í óráddum stöðum, en hefði makker ekki skilið 4♥ sem Michaels? Þá hefði leiðin í 5♣ verið greið í gegnum 4G.

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Daniel	Kristján	Vilhjálmur	Ómar
2 ♥	Pass	Pass	4 ♣
Pass	5 ♣	Allir pass	

Hér voru málin vel rædd - stökk Ómars í 4♣ sýndi svörtu litina, minnst 5-5, og Kristján hækkaði í geim, sem vannst auðveldlega. 15 IMPa spil.

Fyrsti maður vekur á þremur spöðum og þú átt næsta leik með þessi spil ...

... ♠ K8 ♥ Á8543 ♦ K9752 ♣ 3

Dú ert utan hættu gegn á hættu. Viltu blanda þér í sagnir og þá hvernig?

Spil 37

NORÐUR
 ♠ K8
 ♥ Á8543 V/AV
 ♦ K9752 ÁTTUM BREYTT
 ♣ 3

VESTUR
 ♠ ÁDG7642
 ♥ G
 ♦ D83
 ♣ G2

AUSTUR
 ♠ 1093
 ♥ 106
 ♦ 10
 ♣ KD98754

SUÐUR
 ♠ 5
 ♥ KD972
 ♦ ÁG64
 ♣ Á106

Kristján Blöndal hittir oft á glannalegar sagnir á réttu andartaki og hann fékk þá frumlegu flugu í höfuðið að dbla:

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Daniel	Kristján	Vilhjálmur	Ómar
3 ♠	Dobl	4 ♠	6 ♥
Pass	Pass	Pass	

Ekki þar fyrir - suður gæti dblað 4♠ ef norður passar, en sjálfsgat er það greinilega ekki ... samanber:

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Steinar	Hlynur	Valur	Hermann
3 ♠	Pass	4 ♠	Pass
Pass	Pass		

Fjórir spaðar fóru einn niður, sem verður að teljast góð förn - það er að segja, ef slemman vinnst.

Daniel lagði niður ♠Á gegn 6♥ og skipti svo yfir í ♣G. Nú snýst allt um tíguliféðina, en Ómar frestaði henni þar til hann hafði nokkurn veginn fullkomna talningu. Hann tók einu sinni tromp, stakk lauf, fór heim á tromp og stakk annað lauf. Kom þá í ljós að austur átti sjölit. Það mátti búast við þrílit í spaða í austur og tvö tromp hafði hann sýnt, svo einspilið í tígli var nánast uppteiknað ...

NORÐUR
 ♠ -
 ♥ -
 ♦ K975
 ♣ -

VESTUR
 ♠ D
 ♥ -
 ♦ D83
 ♣ -

AUSTUR
 ♠ 10
 ♥ -
 ♦ 10
 ♣ KD

SUÐUR
 ♠ -
 ♥ 9
 ♦ ÁG6
 ♣ -

Ómar felldi tíuna með ásnum og svínaði fyrir drottninguna.

EVROPUBIKARINN Í RÓM

Íslandsmeistarar Eyktar voru í hópi tólf sveita sem kepptu um Evrópubikarinn í Rómaborg í októbermánuði. **European Champions Cup** heitir mótið á ensku, en um er að ræða keppni landsmeistara þeirra þjóða sem bestum árangri ná á Evrópumóti. Þetta var í fimmta sinn sem mótið er haldið og unnu Þjóðverjar eftir úrslitaleik við Hollendinga, en Eyktarsveitin endaði í 5. sæti.

Fyrirkomulag og úrslit

Fyrst var sveitunum tólf skipt í tvo riðla þar sem spiluð var einföld umferð af 20 spila leikjum:

R	ÞJÓÐ	SVEIT	I.
1	Ítalía	TC Parioli	111
2	Holland	The Lombard	106
3	England	Enc	71
4	Svíþjóð	Nasby BS	57
5	Írland	Inc	47
6	Ungverjal.	Tordas Gamaz	47

R	ÞJÓÐ	SVEIT	II.
1	Ítalía	GSD Allegra	92
2	Þýskaland	Bamberg BC	91
3	Pólland	Mragowia Si	83
4	Ísland	Eykt	82
5	Frakkland	Fnc	64
6	Noregur	Vestfold	29

Í síðari hluta mótsins voru spilaðir tveir 48 spila útsláttarleikir í þremur flokkum og þar unnu Þjóðverjar fyrst Parioli sveit Ítala og síðan Hollendingana í Lombard-sveitinni. Ísland vann báða leiki sína og náði þannig 5. sætinu í heild:

UNDANÚRSLIT A			
Holland	130	Ítalía A.	108
Þýskaland	115	Ítalía P.	110
ÚRSLIT A			
Þýskaland	137	Holland	73
UNDANÚRSLIT B			
Ísland	222	England	104
Pólland	87	Svíþjóð	81
ÚRSLIT B			
Ísland	96	Pólland	78

Eykt gegn Allegra

Rómfararnir í sveit Eyktar voru Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sverrir Ármannsson, Aðalsteinn Jörgensen og Ragnar Hermannsson. Eykt mætti Ítölunum í Allegra-sveitinni í 2. umferð riðlakeppninnar og skildu sveitirnar jafnar eftir miklar sviptingar. Leikurinn var sýndur á Bridgebase:

A/NS	NORÐUR	AUSTUR
	♠ 106	♠ 75432
	♥ K74	♥ ÁG6
	♦ K84	♦ Á7
	♣ ÁKD63	♣ 875
VESTUR	SUÐUR	
♠ KG9	♠ ÁD8	
♥ 10852	♥ D93	
♦ D103	♦ G9652	
♣ G92	♣ 104	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Jón	Bocchi	Þorlákur	Duboin
-	-	Pass	Pass
Pass	1 ♣	1 ♠	1 G
2 ♠	3 G	Allir pass	

Þetta er þunnur þrettándi, en Duboin fékk vind í seglin þegar Jón kom út með spaðakóng. Hann tók strax þrjá efstu í laufi og þegar liturinn féll voru átta slagir mættir og sá níundi lá í loftinu, því fyrirsjáanlega myndi austur lenda í vandræðum með afköst.

Þorlákur henti fyrst spaða í fjórða laufið og tígli í það fimmta. Heima henti Duboin þremur tígulum - tvísti, fimmu og níu. Hann spilaði svo hjarta á drottningu og Þorlákur dúkkaði auðvitað, síðan tígulgosa að heiman - drottning, lítið og ás. Spaði kom til baka og Duboin náði sér í yfirlag með því að svína tíguláttu.

Í mótsblaðinu segir að tígulafkast Þorláks hafi verið dýrkeypt, en í raun átti hann enga vörn í stöðunni. Hjarta má hann ekki missa, því þá sækir sagnhafi tvo slagi á litinn, svo skást virðist að henda tveimur spöðum. En þá kastar suður spaða heima og heldur í þrjá tígla, spilar svo litlum tígli úr borði á níuna og tíu vesturs. Vörnin brýtur spaðann, en sagnhafi dúkkar einfaldlega tígul og nær sér í slag á kónginn. Nú á vörnin aðeins einn spaðaslag, svo sagnhafi hefur nægan tíma til að sækja úrslitaslaginn á hjarta. - Sem sagt, engin vörn til eftir útspilið.



Klókur náungi, Giorgio Duboin.

Á hinu borðinu vakti Aðalsteinn á 13-15 punkta grand í norður og þar við sat. Út kom spaði frá hundunum fimm, drottning reynd, og þar með var liturinn brotinn í einu höggi. Fimm slagir á lauf duga ekki í sjö, svo Aðalsteinn spilaði tígli á kónginn, en þá fékk vörnin þar þrjá slagi til hliðar við fjóra á spaða og hjartaás: tveir niður í einu grand. Kaldhæðnislegt, en lítið við því að gera.

V/Enginn	NORÐUR
	♠ KG9852
	♥ 4
	♦ 1054
	♣ KG7

VESTUR	AUSTUR
♠ 10763	♠ 4
♥ 3	♥ ÁG98752
♦ ÁD7	♦ G96
♣ Á10853	♣ 64

SUÐUR
♠ ÁD
♥ KD106
♦ K832
♣ D92

Vestur	Norður	Austur	Suður
Þorlákur	Duboin	Jón	Bocchi
Pass	2 ♠	Pass	2 G
Pass	3 ♥	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

3G er spennandi spil. Þorlákur kom út með smátt lauf, sem Bocchi tók á gosann í borði og spilaði hjarta. Austur banar geiminu með því að rjúka upp með ♥Á og spila laufi (eða tígli), en Jón dúkkaði skiljanlega. Bocchi átti slaginn á ♥K og gat nú tryggt vinning með því að taka ♠ÁD og spila laufi að kóng, en hann valdi að sækja laufslaginn strax. Þar með varð Bocchi að yfirdrepa ♠D og treysta á að tían félli, en það gerði hún ekki og spilið fór tvo niður. Og ...

Vestur	Norður	Austur	Suður
Vivaldi	Sverrir	Ferraro	Aðalsteinn
Pass	2 ♦	2 ♥	Dobl
Pass	2 ♠	Pass	Pass
Dobl	Pass	3 ♥	Dobl
3 G	Dobl	4 ♦	Dobl
Pass	Pass	Pass	

Ferraro og Vivaldi ganga í *multi*-gildru þegar Ferraro freistast til að stinga inn 2♥ á lítinn styrk. Fyrsta dobl Aðalsteins biður makker að leiðrétta með spaða, en þegar Aðalsteinn stoppar þar þykir Vivaldi ástæða til að berjast áfram. Hann hefði átt að setta sig við að spila 3♥ dobluð, ekki síst þar eð Ferraro tók flóttann í 3G sem láglitasögn. Fjórir tíglar fóru fjóra niður, 800, og spilið gaf Eyktarmönnum 14 IMPa.

Ítölsk vinnubrögð

Ítalarnir Bocchi og Lauria sýndu kunnáttu sína í þvingunarfræðum í þessu slemmuspili úr riðlakeppninni:

NORÐUR ♠ D9842 ♥ - ♦ ÁKG1075 ♣ G2		AUSTUR ♠ G1076 ♥ Á84 ♦ D86 ♣ D84	
VESTUR ♠ K53 ♥ 1072 ♦ 432 ♣ 10976	SUÐUR ♠ Á ♥ KDG9653 ♦ 9 ♣ ÁK53	Suður spilar 6♥ og fær út ♠3.	

Þeir félagar spiluðu nákvæmlega eins: Sóttu hjartaásinn, trompuðu spaðann sem kom til baka og rúlluðu niður öllum hjórtunum:

NORÐUR ♠ D ♥ - ♦ ÁKG ♣ G2		AUSTUR ♠ - ♥ - ♦ D86 ♣ D84	
VESTUR ♠ K ♥ - ♦ 4 ♣ 10976	SUÐUR ♠ ♥ 3 ♦ 9 ♣ ÁK53		

Síðasta trompinu er spilað og laufi hent úr borði. Vestur er ekki í neinum vandræðum ennþá, en austur verður að fara niður á tvö lauf. Þá er ÁK í tígli spilað og við það þvingast vestur með spaðakóng og laufið.

Tvöföld áfangapvingun.

Úrslitaleikurinn

NORÐUR
 ♠ 1032
 ♥ D542
 ♦ ÁD8
 ♣ K102

Suður spilar 4♥.

SUÐUR
 ♠ Á987
 ♥ G108763
 ♦ G
 ♣ ÁG

Vestur gaf og vakti á 3♦, á hættu gegn utan. Sú sögn gekk til suðurs, sem sagði 3♥ og norður hækkaði í fjögur.

Útspil er ♠6 og austur lætur gosann.

Þetta spil vinnst aldrei nema hægt sé að henda niður tveimur spöðum í lauf og tígul. Tígulsvíningin heppnast vafalaust, en svo verður einfaldlega að slá því föstu að vestur sé líka með drottninguna í laufi. En það er óvarlegt að spila laufás og gosa, því ef vestur *leggur á* gosann, læsist blindur inni og ekki er hægt að svína í strax tígli. Réttu handtökin eru því þessi: drepnið á spaðaás og *laufgosa* svínað:

V/AV ♠ 6 ♥ K ♦ K107632 ♣ D983	NORÐUR ♠ 1032 ♥ D542 ♦ ÁD8 ♣ K102	AUSTUR ♠ KDG54 ♥ Á9 ♦ 95 ♣ 7654
	SUÐUR ♠ Á987 ♥ G108763 ♦ G ♣ ÁG	

Ef vestur lætur smátt í laufgosann, er laufás tekinn og tígulgosa spilað á drottningu. En ef vestur leggur á laufgosann er samgangur á laufás til að svína tíguldömu. Ekki mjög flókið, en hvorugur sagnhafinn réð við spilið:

Vestur	Norður	Austur	Suður
De Wijs	Gromöller	Muller	Kirmse
3 ♦	Pass	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥	Allir pass	

Kirmse dúkkaði fyrsta slaginn (til hvers?) og vestur trompaði spaðaásinn í næsta slag með ♥K og hitti á tígul til baka, sem skar á samganginn: einn niður. Hinum megin var Berry Westra sagnhafi, en þar hafði vestur passað í byrjun og austur vakið á 1♠. Westra tók því fyrsta slaginn á spaðaás, en spilaði síðan trompi. Vestur lenti inni og valdi að skipta yfir í laufniú, svo Westra fékk samninginn á silfurfati.

Með hörku tekst að ýta NS í 5♥ og nú er að láta kné fylgja kviði með eitruðu útspili. Settu þig í spor vesturs:

♠ - ♥ 10973 ♦ KDG92 ♣ 9875

Vestur	Norður	Austur	Suður
Gromöller	Muller	Kirmse	De Wijs
-	-	Pass	1 ♣
1 ♦	Pass	3 ♣	4 ♥
5 ♣	Dobl	5 ♦	Pass
Pass	5 ♥	Allir pass	

Laufopnun suðurs er sterk og stökk makkers í 3♣ er "fit-showing" - sýnir tígulfitt með laufnit/styrk til hliðar.

Hvert er útspilið?

Spaðastunga er vafalítið lykillinn að vörminni, en þá þarf að gera tvennt - koma makker inn og fá hann til að spila spaða. Það er nokkuð sennilegt að makker eigi innkomu í laufi, en mun hann skilja laufniuna sem spaðakall? Það er langsótt. En ef makker á tígulásinn (og hann heldur) er auðvelt að koma honum í skilning um spaðaeyðuna með því að spila til dæmis út ♦G:

A/Enginn ♠ - ♥ 10973 ♦ KDG92 ♣ 9875	NORÐUR ♠ ÁG1054 ♥ 64 ♦ 854 ♣ K43	AUSTUR ♠ 9876 ♥ 5 ♦ Á763 ♣ ÁG102
VESTUR ♠ - ♥ 10973 ♦ KDG92 ♣ 9875	SUÐUR ♠ KD32 ♥ ÁKDG82 ♦ 10 ♣ D6	

Gromöller valdi reyndar ♦9, sem er jafnvel enn meira áfgerandi, en að sama skapi óþarflega hættulegt. Kirmse var vel með á nótonum, skipti yfir í ♠6 í öðrum slag og eftir lauf til baka kom önnur stunga: tveir niður. - Á hinu borðinu fóru Hollendingar einn niður í 5♦ dobluðum.

Í sigurliði *Þjóðverja spiluðu:*
Tomasz Gotard, Andreas Kirmse, Michael Gromöller, Josef Piekarek, Entschö Wladow og Michael Elinescu.

Copenhagen Open 2006



**Ísak Örn Sigurðsson skrifar um
Bridshátíð Dana, Copenhagen
Open 2006, sem fór fram í ágúst.
Margir Íslendingar tóku þátt í
mótinu.**

Við Ómar Olgeirsson, sem skráðum okkur til leiks í tveimur keppnum á Copenhagen Open, ákváðum að þiggja boð danskra vina okkar og taka á undan þátt í fimm ára afmælistóti Young Sharks bridgeklúbbsins sem haldið var laugardaginn 12. ágúst, einnig í Kaupmannahöfn. Mótið var spilað á einum degi og spilaðurinn var “Bettina’s Kalkerup’s spillested”. Léttur mórall og mikil gleði við spilaborðið vakti athygli okkar og einnig sú staðreynd, að keppendum var frjálst að versla og neyta áfengra drykkja á meðan á mótinu stóð. Flestir spilaranna nýttu sér það leyfi - en þó jafnan í hófi. Eitt par lét þó óhófið ráða för og náði að skola úr heilum þremur koniaksflöskum í mótinu og lifa það af! Gott ef parið endaði ekki með miðlungsskor! Mótið var annars óvenju fjörugt, eflaust að miklu leyti af fyrrgreindum ástæðum, en ekki skal fjölyrt í þessari grein um árangur okkar Ómars. Við náðum aldrei að blanda okkur í toppbaráttuna og enduðum með tæplega 51% skor.

Þó náði undirritaður að hreppa verðlaun fyrir “besta útspil mótsins”. Andstæðingar okkar í því spili þreifufu fyrir sér með spaðaslemmu en létu sér svo nægja að spila 5♠. Ég átti út eftir spaðaopnun mér á hægri hönd með kónginn annan í trompi. Ég ákvað að freista gæfunnar og kom út með lítinn spaða frá kóngnum. Að baki útspilinu lágu ýmsar ástæður. Ég gerði mér vonir um að sjá ásinn í blindum og að sagnhafi myndi stinga honum upp, auk þess sem líklegt mátti telja að fækkun trompanna hjá andstöðunni gæti komið vörninni vel. Mér til skelfingar birtust fjögur lítill tromp í blindum og sagnhafi, sem átti ÁDG10x í spaðanum, átti fyrsta slaginn á spaðatíu. Hann spilaði tígli sem Ómar drap og spilaði strax spaða til baka. Sagnhafi svínaði grunlaus og óskaði mér strax til hamingju með útspilið þegar ég fékk á kónginn, því þetta var eina útspilið sem banaði 5♠. Þessi verðlaun voru sárabót fyrir slakt gengi.

Síðan tók við þriggja daga frí þar til að næstu keppni kom, 16. ágúst, þar sem við Ómar vorum skráðir til leiks í þriggja daga sveitakeppni með tveimur góðum dönskum kunningjum okkar. Auk okkar voru fjölmargir aðrir Íslendingar meðal þátttakenda.

Guðlaugur Sveinsson var með sveit og með honum voru Sveinn Rúnar Eiríksson, Þröstur Ingimarsson og Páll Þórsson. Alda Guðnadóttir skráði einnig sveit til leiks, en með henni léku Kristján B. Snorrason, Erla Sigurjónsdóttir og Sigfús Þórðarson. Jón Þorvarðarson var síðan skráður til leiks með þremur öðrum Íslendingum sem allir eru búsettir í Danaveldi, Snorra Sveinssyni, Skafta Jónssyni og Sigurjóni Björnssyni.

Spiluð var þriggja daga sveitakeppni og sveitarfélagar okkar voru Kasper Konow og Mikkel Larsen, en Konow var spilafélagi okkar Ómars á Flugleiðahátíðinni fyrr um árið sem endaði á farsælan hátt fyrir okkur. Við hétum “Young Guns” í sveitakeppni Flugleiða og því lá beinast við að nefna sveitina “Young Guns II” í Copenhagen Open. Sveitin stóð sig hins vegar ekki nægilega vel í tveggja daga undankeppni og náði aðeins inn í “B-finalen”, deildi þar sæti m.a. með sveit Guðlaugs Sveinssonar.

Í innbyrðis viðureign sveita Young Guns II og Guðlaugs Sveinssonar, féll eitt spil í samanburðinum, þó samningarnir væru ólíkir ...

(Sjá næstu síðu.)

Í opnum sal sögðu Konow-Larsen í 6♣ sem fóru einn niður eftir spaðastungu:

NORÐUR
 ♠ KDG76
 ♥ Á2
 ♦ 3
 ♣ DG1092

VESTUR
 ♠ Á10843
 ♥ 1063
 ♦ D5
 ♣ 854

AUSTUR
 ♠ 2
 ♥ DG8754
 ♦ 10964
 ♣ 76

SUÐUR
 ♠ 95
 ♥ K9
 ♦ ÁKG872
 ♣ ÁK3

Sveinn Rúnar og Guðlaugur Sveinsson enduðu hins vegar í ólánlegum samningi sem þeir þó gátu grætt á, eða 5♦. Guðlaugur spilaði eðlilega tígli á gosann og gaf því þrjá slagi - tvo á tromp og spaðaás.

Í sama leik kom upp sögulegt spil. Páll Þórsson og Þröstur Ingimarsson sátu í NS og komust að því, eftir RKC-ásasprungu, að ás og trompdrottningu vantaði. létu þeir nægja að spila 5♠.

NORÐUR
 ♠ K10
 ♥ D63
 ♦ D854
 ♣ ÁK84

VESTUR
 ♠ D9
 ♥ 1084
 ♦ ÁG1062
 ♣ G65

AUSTUR
 ♠ 543
 ♥ 9752
 ♦ 973
 ♣ 1097

SUÐUR
 ♠ ÁG8762
 ♥ ÁKG
 ♦ K
 ♣ D32

Í opnum sal keyrðu Konow-Larsen upp í 6♠ og var Konow sagnhafí. Hann ákvað að toppa spaðann þegar níán birtist hjá vestri í kóng norðurs og vann sitt spil.

Það kostaði Guðlaug og félagar 13 impa, en þeir hafa þó varla verið eins sárir og Snorri og Skafti í *A-finalen* sem sátu í AV og heyrðu andstæðinga sína keyra alla leið í 7G. Austur átti því miður út og hitti ekki á tígul. Sagnhafí ákvað síðan að toppa spaðann og fékk 13 slagi í þessum slæma samningi. Á hinu borðinu voru spiluð 3G og sveiflan 17 impar, Skafta í óhag.

Greinarhöfundur, Ísak Örn, gladdur og reifur á miðborgarrölti.



Peter Hecht Johansen kemur árlega með sveit á Bridshátíð Íslendinga, en hér er hann að spila við frú sína, Gítte Hecht Johansen, í Bridsmiðstöð Blaksets í Kaupmannahöfn.

Í þessu spili í sjöundu umferð undan-keppinnar, keyrði ég af óskynsemi alla leið í 6♥, sem gátu unnist, ef ég hefði hitt í trompið:

NORÐUR
 ♠ Á
 ♥ D652
 ♦ Á9865
 ♣ K85

VESTUR
 ♠ K10942
 ♥ 10
 ♦ KG7
 ♣ 10764

AUSTUR
 ♠ D76
 ♥ K97
 ♦ D10432
 ♣ D3

SUÐUR
 ♠ G853
 ♥ ÁG843
 ♦ -
 ♣ ÁG92

Ég sat í suður og opnaði á einu hjarta. Eftir langa sagnseríu sem ekki verður rakin hér, enduðu sagnir í 6♥.

Vestur spilaði út hjartatíu. Ég lét drottningu í blindum og drap kóng austurs á ás. Síðan byrjaði ég á víxlrompun í spaða og tígli og í áttunda slag spilaði ég síðasta hjartanu úr blindum að G8 heima. Suður setti sjöuna og mér fannst líklegra að norður hefði spilað frá 109, heldur en tíunni blankri. Setti því gosann illu heilli og þegar lafið gaf ekki fjóra slagi varð ég að setta mig við 11 slagi. Var ég að vonum svekktur yfir að útspilið skyldi vera frá tíunni blankri.



Sveit Snorra Sveinssonar náði inn í “A-finalen” en sveit Öldu varð að setta sig við að lenda í “C-finalen”. Á síðasta deginum var spilað í úrslitum.

Sveit Snorra gekk afsþyrnuilla og var einstaklega óheppin síðasta daginn, tapaði öllum sínum leikjum og endaði neðst í *A-finalen*. Sveit Young Guns gekk hins vegar allt í haginn, fékk 100 stig í 5 leikjum og vann öruggan sigur í *B-finalen*. Konow-Larsen urðu efstir í Butlerútreikningi B-úrslitanna með 18,15 að meðaltali, en við Ómar urðum í öðru sæti með 17,25 að meðaltali. Guðlaugur Sveinsson náði að landa öðru sætinu í *B-finalen* með 81 stigi.

Andstæðingar okkar fundu góða vörn í þessu spili þar sem við enduðum í 4♠ dobluðum á hættunni eftir baráttu í sögnum:

NORÐUR
 ♠ G103
 ♥ 4
 ♦ DG93
 ♣ ÁKD86

VESTUR
 ♠ D75
 ♥ ÁDG103
 ♦ 5
 ♣ G1095

AUSTUR
 ♠ 2
 ♥ K9865
 ♦ ÁK842
 ♣ 32

SUÐUR
 ♠ ÁK9864
 ♥ 72
 ♦ 1076
 ♣ 74

Vestur kom út með einspil sitt í tígli, austur tók tvo hæstu og sendi áttuna til baka sem vestur trompaði. Hann spilaði nú undan háspilum sínum í hjarta, austur fékk á kónginn og spilaði aftur tígli. Þannig tryggði vörnin sér 5 slagi með framhjálaupi og 500 í sinn dálk.



Tvímenningurinn

Við Ómar skiptum liði í tveggja daga tvímenningskeppni sem á eftir fylgdi. Spilafélagi minn var Kasper Konow, núverandi Danmerkurmeistari í sveita-keppni, en minna þekktur spilari, Henrik Frydenlund, var spilafélagi Ómars.



Ómar nýtur útsýnisins á svölum Bridesetursins.

Við Kasper unnum okkur rétt til spilamennsku í *A-finalen* næsta örugglega, en meiri athygli vakti þó að Þröstur Ingimarsson og Páll Þórssón leiddu undankeppnina mestallan tímann þó að þeir þyrftu að setta sig við annað sætið í lokin. Auk þeirra komust Sveinn Rúnar Eiríksson-Guðlaugur Sveinsson og Alda Guðnadóttir-Kristján B. Snorrason í *A-finalen*, en Ómar og Henrik þurftu að bíta í það súra epli að verða naumlega af sæti í *A-finalen*.

Okkur Kasper gekk ágætlega í úrslitunum og ógnuðum fyrsta sætinu um stund, en þegar á leið virtist það vera frátekið af Svíunum Tobias Törnqvist og Johan Upmark, sigurvegurum síðasta árs. Lokastaða efstu para varð þannig:

- | | | |
|----|---------------------------------------|-----|
| 1. | Tobias Törnqvist - Johan Upmark | 108 |
| 2. | Lars Blakset - Martin Shaltz | 57 |
| 3. | Kasper Konow - Ísak Ö. Sigurðsson | 54 |
| 4. | Michael R. Petersen - Henrik Rubner | 46 |
| 5. | Alda Guðnadóttir - Kristján Snorrason | 42 |

Í þessu spili fengum við toppskor í 3G þar sem endaspilun tryggði tíunda slag sóknarinnar.

NORDUR		AUSTUR	
♠ 83	♥ ÁD4	♠ G1092	♥ 765
♦ K83	♣ Á7532	♦ G10765	♦ G
VESTUR		SUDUR	
♠ KD64	♥ K1092	♠ Á75	♥ G83
♦ -	♣ 109864	♦ ÁD942	♣ KD

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Ísak	-	Ísak
Pass	3 G	Allir pass	1 G

Vestur hugsaði sig lengi um áður en hann passaði grandopnun mína, var greinilega með einhverja skiptingu. Hann spilaði síðan út lauftíunni og ég drap gosa austurs á kóng.

Eftir að hafa lyft ásnum í tígli og svínað drottningunni í hjarta, undirbjó ég endaspilunina með því að spila litlum spaða að sjönni heima. Vestur fékk slaginn og hélt dauðahaldi í spaðahámennt sína. Eftir að hafa síðar tekið tígulslagina, spaðaás og þrjú á lauf, spilaði ég mig út á laufi. Vestur, sem hélt spaðakóng blönkum, Kx í hjarta og 9 í laufi, varð að spila frá hjartanu og gefa mér tíunda slaginn, sem gaf nálægt toppskori fyrir spilið.

Fyrir síðustu umferðina vorum við Kasper með 15 stiga forystu á Lars Blakset-Martin Shaltz. Þrjú spil voru spiluð á milli para og því miður gekk allt á afturfótunum hjá okkur. Ég spilaði fjóra spaða í einu spilanna og allt valt á því að finna iferðina í laufi, sem var Gx

á móti K10xxx, hitta á hvar drottning eða ás var. Því miður spilaði ég upp á drottningu í vestur, en austur átti hana og vestur ásinn. Í öðru spilanna, sem var svona, gengu sagnir þannig:

NORDUR		AUSTUR	
♠ 9	♥ KD6	♠ Á10854	♥ G53
♦ DG854	♣ G1084	♦ -	♣ KD965
VESTUR		SUDUR	
♠ G732	♥ 1098	♠ KD6	♥ Á742
♦ 1073	♣ Á32	♦ ÁK962	♣ 7

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Ísak	-	Kasper
Pass	3 ♣	Pass	1 ♦
Pass	4 ♥	Pass	3 ♥
			5 ♦

Allir pass

Að beiðni Konows spilaði ég stökk í 3♣ eftir tígulopnun sem neitun á hálit og áskoranarhönd með tígulstuðning. Kasper sagði eðlileg 3♥ á spil sín og ég bauð upp á 4♥ sem lokasamning. Kasper leist hins vegar ekki á 4-3 leguna og breytti í 5♦. Fjögur hjörtu vinnast auðveldlega í þessari hagstæðu legu, jafnvel með yfirslag ef tígulstungan finnst ekki. Annað hvort spilanna hefði nægt til að tryggja okkur annað sætið, en lánið lék ekki við okkur. Við fengum 13 mínusstig úr setunni og Blakset-Shaltz 5 í plús. Þeir "stálu" þannig öðru sætinu frá okkur í síðustu umferðinni, en taka varð því með brosi á vör, enda er léttleikinn jafnan í fyrirrúmi í þessu móti.



Sætahjófarnir - Martin Schaltz (fyrir miðju) og klúbbsstjórinn Lars Blakset (til hægri). Með þeim á myndinni er keppisstjórinn, Frederik Bjerregard.

Buffett bikarinn



Bretinn Paul Hackett fékk hugmynd - því ekki að efna til keppni á milli bestu spilara Evrópu og Bandaríkjanna og endurvekja þannig það andrúmsloft sem ríkti í árdaga bridsípróttarinnar þegar Ely Culbertson mætti með mannskap til að keppa við "Pops" Beasley og félaga í London árið 1933 og fjallað var um daglega á forsiðum fjölmiðla beggja vegna Atlandshafsins?

Þessi hugmynd varð að veruleika í haust. Þá komu tólf spilarar frá hvorri álfu saman í Dyflinni á Írlandi til að spila um nýjan bikar, **Buffett bikarinn**, en það er einmitt samnefndur Warren Buffett, auðjófur og bridsáhugamaður, sem er fjárhagslegur bakhjarl keppinnar. Bandaríkjamenn unnu þetta fyrsta mót - sem meiningin er að keyra á 2ja ára fresti í framtíðinni samhliða Ryder bikarum í golfi. Vonandi verður svo.

Daniela von Arnim bjó til listaverk úr spilinu að neðan ...

NORDUR ♠ D10987 ♥ G653 ♦ - ♣ KG102		AUSTUR ♠ K ♥ 94 ♦ D1096532 ♣ Á87	
VESTUR ♠ ÁG4 ♥ D1087 ♦ Á ♣ D6543	SUÐUR ♠ 6532 ♥ ÁK2 ♦ KG874 ♣ 9	Suður spilar 4♠ og fær út ♣3.	

Er hægt að eiga lélegri lit en 6-5-3-2? Daniela vakti á 1♠ í suður og varð fljótt sagnhafi í 4♠.

Vestur kom út með ♣3 og austur tók með ás og skipti yfir í ♥9. Von Arnim drap hátt og trompaði tígul (ásinn féll). Hún henti hjarta í ♣K, fór heim á hjarta og spilaði ♦K. Vestur velti vöngum, en ákvað svo réttilega að kasta í slaginn. Eftir tvær tígulstungur í blindum og eina lauftrompun heima átti borðið út í þessari stöðu ...

NORDUR ♠ D10 ♥ G ♦ - ♣ G	AUSTUR ♠ K ♥ - ♦ D109 ♣ -
VESTUR ♠ ÁG4 ♥ D ♦ - ♣ -	SUÐUR ♠ 653 ♥ - ♦ G ♣ -

Von Arnim spilaði ♥G og austur gerði sitt besta með því að trompa með blönkum kóngnum og spila tígli. Suður trompaði með fimmu og vestur var úrræðalaus með ♠ÁG4. Glæsilegt kæfingabragð, sem aldrei hefði komið upp ef tromplitur suðurs hefði verið 5-4-3-2. **Svo liturinn gat verið verri.**

Á myndinni eru Daniela og Sabine Auken að spila við Hamman og Soloway.

Spil austurs

Spil 1 ♠ 10762
 V/AV ♥ ÁKD
 ♦ D875
 ♣ 72

Spil 2 ♠ 9
 N/Enginn ♥ D1064
 N opnar á 4♠ ♦ ÁKDG105
 ♣ K9

Spil 3 ♠ 6
 V/NS ♥ KD9
 ♦ KD42
 ♣ K9642

Spil 4 ♠ DG10
 N/AV ♥ G85
 N opnar á 2♥ ♦ Á87
 ♣ KD103

Spil 5 ♠ ÁDG8764
 S/AV ♥ -
 S opnar á 3♥ ♦ G109
 ♣ K83

Spil 6 ♠ 10
 V/Enginn ♥ Á2
 ♦ G1085432
 ♣ D52

Spil 7 ♠ 4
 V/Allir ♥ ÁD983
 ♦ 98
 ♣ ÁKD53

Spil 8 ♠ Á984
 N/AV ♥ ÁD5
 N opnar á 2♠ ♦ D6
 ♣ 9853

Spil 9 ♠ -
 A/NS ♥ ÁG32
 ♦ ÁKD10952
 ♣ Á7

Spil 10 ♠ ÁK
 N/Enginn ♥ D1074
 N opnar á 3♥ ♦ DG3
 ♣ KD63

